

Sp.

293. Skýrsla

[208. mál]

iðnaðarráðherra til Alþingis um starfsemi ríkisfyrirtækja árið 1986.

(Lögð fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

ORKUBÚ VESTFJARÐA

Orkubú Vestfjarða starfar á grundvelli laga nr. 66/1976, um Orkubú Vestfjarða og er sameignarfyrirtæki ríkisins og sveitarfélaga á Vestfjörðum. Hlutur ríkissjóðs er 40%, en hlutur sveitarfélaganna er 60% í fyrirtækinu. Skiptist hlutur sveitarfélaganna innbyrðis milli þeirra í hlutfalli við íbúatölu, en alls eru 29 sveitarfélög á Vestfjörðum af 32 eigendur að Orkubú Vestfjarða.

Tilgangur Orkubúsins er að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, þar sem hagkvæmt þykir. Skal Orkubú Vestfjarða eiga og reka vatnsorkuver og dísilraforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og orkudreifingar. Fyrirtækið skal eiga og reka jarðvarmavirki og nauðsynlegt flutningskerfi og dreifikerfi fyrir heitt vatn. Skal fyrirtækið einnig eiga og reka kyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi.

Fyrirtækið skal annast virkjunarrannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir eftir því sem ákveðið er hverju sinni.

Stofnfundur Orkubús Vestfjarða var haldinn á Ísafirði hinn 26. ágúst 1977. Sérstakur stofnsamningur var gerður um yfirtöku eigna og skulda, en Orkubúið yfirtók eignir Rafmagnsveitna ríkisins á Vestfjörðum, svo og eignir Rafveitu Ísafjarðar, Rafveitu Patrekshrepps, Rafveitu Snæfjalla og Rafveitu Reykjarfjarðar- og Ógurhrepps.

Orkubúið hefur reist kyndistöðvar á Ísafirði, Bolungarvík, Patreksfirði og Flateyri og selur þar varmaorku til húshitunar.

2. janúar 1983 hóf Orkubú Vestfjarða viðskipti við Landsvirkjun um Vesturlínu.

Rekstur

Árið 1986 var áfallalítið fyrir Orkubú Vestfjarða. Það var óvenjulélegt vatnsár og hefur orkuframleiðsla í vatnsaflsstöðvum fyrirtækisins ekki verið minni um langt skeið.

Fjárhagslegar forsendur fyrirtækisins breyttust verulega á árinu því verðjöfnunargjald af raforku var fellt niður með lögum frá 1. mars 1986. Verðjöfnunargjaldið var Orkubúinu mjög mikilvægur tekjustofn og lagði til um 20% af tekjum fyrirtækisins. Til að bæta Orkubúinu þennan tekjumissi varð að samkomulagi að ríkissjóður yfirtæki langtímalán fyrirtækisins að upphæð um 937 M.kr., en á móti gæfi Orkubúið út skuldabréf til 25 ára að upphæð 400 M.kr. Gjaldskrár Orkubús Vestfjarða hækkðu í ársbyrjun, hitataxtar um 17% og almennir taxtar um 14%, en frá og með 1. mars lækkuðu gjaldskrár fyrirtækisins, hitataxtar um 7% og almennir taxtar um 20,2%. Þessi lækkun var gerð í kjölfar aðgerða ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, en með þeim ráðstöfunum var m.a. verðjöfnunargjald af raforku fellt niður.

Rekstrartekjur Orkubús Vestfjarða 1986 voru alls 413,3 M.kr. og rekstrargjöld alls 415,5 M.kr. Rekstrarafkoma 1986 var því neikvæð um 2,2 M.kr. Eigið fé Orkubús Vestfjarða nam í árslok 1986 1567,6 M.kr. og var um 77,3% af heildarfjármagni.

Í árslok 1986 voru 57 starfsmenn í föstum störfum hjá Orkubú Vestfjarða miðað við fullt starf.

Heildarorkuöflun Orkubús Vestfjarða var alls 197,5 GWh og hafði aukist um 7,3% frá fyrra ári. Skipting orkuöflunar var þannig:

Raforkuvinnsla vatnsaflsvirkjana	30,8%
Raforkuvinnsla dísilstöðva	0,8%

Orkuvinnsla í svartolíukötlum vegna hitaveitna 1,4%
 Orkukaup frá Landsvirkjun og RARIK 67,0%

Orkuvinnsla í svartolíukötlum minnkaði frá fyrra ári.

Samtals varð orkusala Orkubúsins 1986 um 158,9 GWh.

Af raforku voru seldar um 111,1 GWh og er aukning í sölu frá fyrra ári 0,5%. Tekjur Orkubúsins af þessari orkusölu voru 250,1 M.kr. og meðalverð á seldri kílóvattstund 225,1 eyrir, sem er 11,1% hækkun frá fyrra ári. Í þessari tölu er ekki reiknað með söluskatti og verðjöfnunargjaldi.

Af heitu vatni voru seldar 47,8 GWh og er það 14,1% aukning frá fyrra ári. Tekjur Orkubús Vestfjarða af þessari orkusölu voru um 81,3 M.kr. og meðalverð á seldri kílóvattstund 170,1 eyrir.

Orkusala	GWh	%
Til búrekstrar	8,3	5,2
Til stórra véla	24,9	15,7
Til hitunar	107,5 *	67,6
Til annarra nota	18,2	11,5
Samtals	158,9	100,0

* Af raforku voru seldar 59,7 GWh og af heitu vatni 47,8 GWh

Reiknað er með að 70% af allri raforkusölu til búrekstrar séu til húshitunar. Orkubú Vestfjarða hefur því selt 113,3 GWh til húshitunar eða 71,3% af heildarorkusölu.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok 1986

	1986 þús. kr.	1985 þús. kr.	1984 þús. kr.
Rekstrartekjur	413.261	376.050	328.016
Rekstrargjöld	(362.393)	(292.695)	(233.054)
Fjármagnsgjöld	(53.066)	(84.716)	(88.122)
Hagnaður	(2.200)	(1.361)	6.840
Eignir	2.028.151	1.764.930	1.388.710
Skuldir	(460.571)	(996.123)	(851.204)
Eigið fé	1.567.580	768.807	537.506

Framkvæmdir

Á árinu 1986 var unnið að framkvæmdum fyrir 62,6 M.kr. og skiptust þær þannig:

	M.kr.
Vatnsaflsvirkjanir	6,4
Dísilstöðvar	4,8
Stofnlínur	2,7
Aðveitustöðvar	8,2
Innanbæjarkerfi	11,1
Fasteignir, bílar og áhöld	18,9
Sveitaveitur	5,8
Hitaveitur	4,7
Samtals	62,6

Framkvæmdir voru fjármagnaðar með lánsfé að upphæð 32 M.kr.

Úr rekstri komu 24,6 M.kr. og 6,0 M.kr. framlag.

Rekstraráætlun 1987

	M.kr.
Tekjur	370,7
Orkusala	361,7
Annað	9,0
Gjöld	(459,7)
Rekstrargjöld	(415,0)
Fjármagnsgjöld	(44,7)
Tap	(89,0)

Liðurinn rekstrargjöld skiptist í laun 72,3 M.kr., orkukaup 155 M.kr., önnur rekstrargjöld 72,7 M.kr. og afskriftir 115 M.kr. Við áætlun vaxtagjalda er stuðst við áætlaða verðbreytingaforskrift. Ljóst er að ráðstafanir þær, sem gerðar voru vegna niðurfellingar verðjöfnunargjalds af raforku, hafa ekki reynst nægar til að bæta Orkubúi Vestfjarða tekjumissinn og verður tap fyrirtækisins umtalsvert á árinu þrátt fyrir að gjaldskrár þess séu með þeim hæstu í landinu.

Framkvæmdir á árinu 1987 eru áætlaðar 58,5 M.kr.

Stjórn Orkubúsins

Stjórn Orkubúsins til aðalfundar 1987 var þannig skipuð:

Ólafur Kristjánsson, skólastjóri, formaður, Björgvin Sigurbjörnsson, verkamaður, Kristján Jónasson, framkvæmdastjóri, Ólafur Helgi Ólafsson, skattstjóri, skipaður af iðnaðarráðherra, og Engilbert Ingvarsson, bóndi, skipaður af fjármálaráðherra.

Orkubússtjóri er Kristján Haraldsson.

ORKUSJÓÐUR

Orkusjóður starfar samkvæmt lögum nr. 58/1967, orkulögum, X. kafla, með síðari breytingum. Hann tók við starfsemi Raforkusjóðs og Jarðhitasjóðs og yfirtók eignir þeirra og skuldbindingar. Sjóðurinn er eign ríkissjóðs.

Samkvæmt lögum veitir sjóðurinn lán til framkvæmda Rafmagnsveitna ríkisins og annarra rafmagnsveitna til að koma upp nýjum raforkumannvirkjum, til bændu til að koma upp vatnsaflsstöðvum og mótoraflstöðvum. Þá veitir sjóðurinn lán til opinberra aðila, félaga og einstaklinga til að leita og afla jarðvarma. Sjóðurinn veitir Rafmagnsveitum ríkisins eða öðrum rafveitum styrki til að koma upp veitum í dreifbýli, enda sýni kostnaðaráætlanir að veiturnar geti ekki borið sig án sérstakra óafturkræfra framlaga. Lán og styrkir eru veitt af lánnum, sem sjóðurinn tekur, eða framlögum sem hann fær.

Rekstur

Á árinu 1986 fékk sjóðurinn innborguð framlög úr ríkissjóði að fjárhæð 230,5 M.kr. Lántökur Orkusjóðs á árinu námu 20,0 M.kr., en lánveitingar urðu alls 22,3 M.kr.

Niðurstöður á rekstrar- og efnahagsreikningum sjóðsins 1986, 1985 og 1984 eru sem hér segir:

	1986 M.kr.	1985 M.kr.	1984 M.kr.
Tekjur	504,3	682,7	1.074,8
Gjöld	(309,5)	(590,5)	(908,2)
Eignir	1.118,5	5.497,6	4.744,5
Skuldir	(1.369,0)	(5.876,9)	(5.122,4)
Eigið fé (neikvætt)	(250,5)	(379,3)	(377,9)

Við samanburð tekna og gjalda er rétt að hafa í huga, að styrkveitingar úr sjóðnum eru taldar með gjöldum á rekstrarreikningi og með tekjum eru talin framlög úr ríkissjóði, þ.á m. framlög til endurgreiðslu lána. Sé hvort tveggja dregið út úr rekstrarreikningi, styrkveitingar og framlög ríkissjóðs, verður halli **6,0 M.kr.** 1984, en **41,3 M.kr.** árið 1985 og hagnaður 4,9 M.kr. árið 1986.

Með samningi milli ríkissjóðs annars vegar og Orkubús Vestfjarða og Rafmagnsveitna ríkisins hins vegar yfirtók ríkissjóður meginhluta skulda ORVE og RARIK við Orkusjóð miðað við 31.12.86. Í framhaldi af því voru kröfur á ríkissjóð jafnaðar út á móti skuldbindingum sjóðsins við ríkissjóð.

Ráðstöfunarfé Orkusjóðs til einstakra verkefna var á árunum 1986, 1985 og 1984 sem hér segir:

	1986 M.kr.	1985 M.kr.	1984 M.kr.
1. Greitt verðjöfnunargjald	—	—	381,00
2. Framlag til styrkingar dreifikerfis í sveitum	30,00	20,00	33,00
3. Jarðhitaleitarlán	20,00	15,00	15,00
4. Hitaveitulán	10,00	10,00	10,00
5. Styrkveitingar til rafvæðingar sveita	10,00	5,00	14,50
6. Lánveitingar til einkarafstöðva í sveitum	3,00	3,00	1,00
7. Greiddir vextir, vísitölulán og afborganir	585,69	913,30	1100,90
8. Reksturskostnaður Orkusjóðs	0,90	0,60	0,50
9. Styrkur til Hólsfjallabæja v. raforkuframleiðslu ..	1,70	1,70	1,70
Samtals	661,29	968,60	1557,60

Fé það, sem Orkusjóður hafði til ráðstöfunar á árunum 1984, 1985 og 1986, var fengið sem hér segir:

	1986 M.kr.	1985 M.kr.	1984 M.kr.
1. Framlög úr ríkissjóði:			
a) Verðjöfnunargjald	—	—	381,00
b) Önnur framlög	230,49	192,10	218,80
2. Lántökur	20,00	20,00	27,00
3. Innheimtir vextir, vísitöluálag og afborganir	410,80	756,50	930,80
Samtals	661,29	968,60	1557,60

Stjórn

Orkuráð hefur á hendi stjórn Orkusjóðs undir yfirstjórn ráðherra sem fer með raforkumál. Sameinað Alþingi kys með hlutfallskosningu 5 menn í Orkuráð til fjögurra ára í senn.

Ráðherra skipar formann úr hópi kjörinna ráðsmanna.

Orkumálastjóri er framkvæmdastjóri Orkusjóðs skv. orkulögum.

Orkuráð skipa frá 1. júlí 1983 til jafnlengdar 1987:

Þorvaldur G. Kristjánsson, alþingismaður, formaður, Daníel Ágústínusson, aðalbókari, Aage Steinsson, deildarstjóri, Þóroddur Th. Sigurðsson, vatnsveitustjóri, Ingólfur Árnason, rafveitustjóri. Ritari var Páll Hafstað. Fundi ráðsins sitja auk þess: Páll Flygenring, ráðuneytisstjóri, og Jakob Björnsson, orkumálastjóri.

SJÓEFNAVINNSLAN H.F.

Með lögum nr. 62/1981 var ríkisstjórninni heimilað að beita sér fyrir stofnun hlutafélags til að reisa og reka sjóefnavinnslu á Reykjanesi, svo og að leggja fram hlutafé úr ríkissjóði og veita ríkisábyrgð fyrir lánum til hlutafélagsins.

Stjórn fyrirtækisins er kosin á aðalfundi nema fulltrúar ríkissjóðs, sem skipaðir eru af iðnaðar- og fjármálaráðherra að jöfnu, en iðnaðarráðherra skipar formann. Iðnaðarráðherra fer með mál er snerta eignaraðild ríkissjóðs að félaginu, sbr. tilnefningu fulltrúa í stjórn á aðalfundi.

Sjóefnavinnslan h.f. var stofnuð 12. desember 1981. Eigendur eru ríkissjóður, sveitarfélögin á Suðurnesjum og auk þess um 500 aðrir aðilar, félög og einstaklingar. Ríkissjóður á um 84% hlutafjárins. Hlutverk félagsins er að stofna og reka sjóefnavinnslu á Reykjanesi. Starfsemi þess er framhald af starfsemi Undirbúningsfélags saltverksmiðju á Reykjanesi hf., sem áður hafði starfað um nokkurra ára skeið.

Starfsemi árið 1986

Stjórn Sjóefnavinnslunnar samþykkti haustið 1985 áætlun um að hefja framleiðslu á 1850 tonnum af kolsýru og þurrís auk þess að auka saltframleiðslu í 8000 tonn. Undirbúningur að uppbyggingunni og fyrirhuguðum breytingum hófst í ársbyrjun 1986.

Kaup á öllum búnaði til framleiðslu og flutninga á fljótandi kolsýru og þurrís voru boðin út. Að undangengnum útboðum var samið við Union Construction í Danmörku í maí 1986.

Lokið var við byggingu tveggja þrepa eima félagsins og þeir ræstir með jarðsjó í fyrsta sinn.

Í ljós kom hönnunargalli í eimunum sem olli mikilli tæringu í hringrás eimanna. Auk þess settist kíslin örur á yfirborð þeirra en áætlað var sem þýðir örari þvott og minni reksturstíma.

Lagfæringar á eimunum voru allkostnaðarsamar og stöðvuðu saltframleiðsluna sem var með hléum um 4 mánaða skeið. Talið er að þær breytingar, sem gerðar voru á eimunum, komi í veg fyrir áframhaldandi tæringu.

Við gangsetningu eimanna féll til nægjanlegur jarðsjór til að afkastamæla saltpönnurnar. Í ljós kom að afköst pannanna voru minni en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir og einungis með mikilli aðgætni var hægt að framleiða fisksalt með þeim grófleika sem markaðurinn gerir kröfur til.

Í ljósi breyttra forsendna var haft samband við framleiðendur á búnaði til saltframleiðslu og málið kynnt ítarlega. Erlendu ráðgjafarnir treystu sér ekki til að eiga við pönnur SEV, enda úrelt tækni og óhentugar við að framleiða gróft salt.

Sá búnaður, sem erlendu félögin buðu, hefði leyst vanda SEV. Hann hefði framleitt meira salt úr sama saltlegi en fæst við notkun pannanna, og hægt var að velja um grófleika saltsins. Lausn þessi var hins vegar SEV fjárhagslega um megn. Mikill kostnaður lá í upphaflegum búnaði og réð það úrslitum um að ákveðið var að nota pönnurnar.

Rannsóknir og tilraunir höfðu sýnt að með ýmsum aðferðum mátti bæta afköst þeirra og framleiða gróft salt.

Þó var það ekki fyrr en í árslok að þróuð var aðferð sem talin er vera nægjanlega trygg og tiltölulega ódýr. Verkið var unnið með Verkfræði- og verktakafélaginu Varmaverki h.f. Í byrjun þessa árs var síðan samið við Varmaverk um að það sæi um hönnun, smíði og uppsetningu á saltframleiðslubúnaði í tvær pönnur, sem eftir var að gangsetja, og skila tækjunum í gangi. Verktaki ábyrgist framkvæmdatíma, kostnað, afköst og kornastærð saltsins. Með þessum breytingum er framleiðslugeta SEV 7000 tonn á ári.

Breytingar og viðbætur voru gerðar á lútar- og sýrukerfi verksmiðjunnar, og fer blöndun og meðhöndlun þessara varhugaverðu efna nú fram á einum stað þar sem hægt er að gæta fyllsta öryggis starfsmanna.

Starfsmenn og ráðgjafi hafa stundað rannsóknir og tilraunir um alllangt skeið á hegðun og eiginleikum kíslarinnar og er SEV nú vel í stakk búin til að meðhöndla og stjórna eiginleikum hennar. Þekking hefur leitt til verulegrar lækkunar á áætluðum kostnaði við að fella út kísil og þykkja í framleiðslurásinni.

Í ágúst sl. var hafist handa við byggingu 430 m² húss sem hýsir kolsýru- og kíslarframleiðsluna auk lútar- og sýrukerfis. Að undangengnum útboðum var samið við Húsanefsf. um verkið.

Efnahagur og fjárhagsstaða	1986	1985
Efnahagur í árslok 1986:	þús. kr.	þús. kr.
Eignir	627.000	484.000
Skuldir	(492.000)	(366.000)
Eigið fé	135.000	118.000

Staða félagsins nú og verkefni fram undan

Sala á fljótandi kolsýru hófst í janúar sl. og sala á þurrís hófst í mars 1987.

Framleiðslukostnaður SEV og áfyllingar- og dreifingarkostnaður Ísaga h.f., sem dreifir kolsýrunni í hylkjum, er með allra lægsta móti og er samkeppnisstaða SEV einstök. Engu að síður hefur þriðja félagið ákveðið að hefja framleiðslu á kolsýru og er kolsýru frá því að vænta um áramótin 1987/1988.

Á þessu ári lýkur framkvæmdaráætluninni sem stjórn SEV ákvað að unnið yrði eftir og á að tryggja að félagið myndi nægjanlegt fé í eigin rekstri til þess að starfrækja félagið, halda rekstri þess við og skila til baka þeirri nýfjárfestingu sem lagt var í.

Sjóefnavinnslan getur nú framleitt 1850 tonn af fljótandi kolsýru og þurrís og mun á þessu ári ráða yfir búnaði sem framleiðir 7000 tonn af salti á ári.

Kísilín, sem SEV hefur þróað ásamt öðrum, er hjá læknum til athugunar og er það nauðsynlegur undanfari almennrar sölu á þeirri vöru.

Of snemma er að segja til um það hvort söluáætlanir SEV standist, en ekkert bendir til annars en að þróun verði svipuð og ráð var fyrir gert. Athuganir hafa leitt í ljós að ýmsir framleiðslumöguleikar geta verið mjög hagkvæmir á svæðinu. Framleiðsla á heilsusalti eða natríumsnaudu salti sýnist í fyrstu áhugaverð.

Markaðurinn kallar á heilsuríkara salt þar sem óhóflegri saltnotkun fylgir hár blóðþrýstingur, hjartsláttartruflanir og jafnvel krabbamein. Venjulegt salt inniheldur nær eingöngu natríumklóríð (NaCl) og neysla þess raskar jónahlutfallinu í mönnum og dýrum.

Salt, sem hefur sömu frumefni og í blóðvökva og bragðast líkt og salt, hefur ekki þessi óæskilegu áhrif á líkamann og kemur í staðinn fyrir venjulegt natríumsalt. Hægt er að uppfylla þessi skilyrði með ómengudum sjó, jarðsjó og ódýrri orku. Við venjulega saltvinnslu úr sjó, þegar búið er að fella saltið (NaCl), fellur til sjóþykkni sem inniheldur ýmis sölt auk nauðsynlegra sporefna.

Mengun sjávar útilokar að nýta þetta þykkni nema þar sem fyrir er ómengaður sjór, eins og við Grænland, Ísland og Norður-Noreg.

Magnesíum finnst í sjó en ekki í jarðsjó, og magnesíumsölt eru beisk á bragðið. Með blöndun jarðsjávar og sjávar má bragðbæta saltið.

Sagasalt h.f., sem er að 50% eign SEV, og Sjóefnavinnslan hafa síðastliðin ár rætt við erlenda sérfræðinga um þessa möguleika og eru þeir sannfærðir um að hægt sé að framleiða

nýtt salt sem kemur í staðinn fyrir venjulegt salt. Stór erlend matvælafyrirtæki hafa sýnt málinu áhuga og telja að salt, sem framleitt sé með þessum hætti og kosti úr búð tvisvar til þrisvar sinnum meira en venjulegt borðsalt, geti náð stórri markaðshlutdeild á skömmum tíma.

Þessari framleiðslu er hægt að halda í skefjum og byrja smátt. Tæknilegir þættir málsins eru þekktir. Hægt er að velta áhættunni af tæknilegri lausn, stofnkostnaði, framleiðslukostnaði, að því marki sem hann tengist framleiðslubúnaðinum, framkvæmdatíma og endanlegu útliti vörunnar, á erlenda verktaka og minnka þar með áhættu verkkaupa til muna. Markaðsáhættuna er hægt að minnka með því að byrja smátt. Markaðurinn er geysistór og lítil hætta á magnsveiflum og að ódýrara efni leysi hlutverk salts af hólmi í náinni framtíð.

Stjórn Sjóefnavinnslunnar h.f. til aðalfundar 1988 skipa:

Guðmundur Malmquist, formaður, skipaður af iðnaðarráðherra, Árni Kolbeinsson, skipaður af fjármála- og iðnaðarráðherra, Halldór Ibsen, skipaður af fjármálaráðherra, og Jón H. Júlíusson og Björgvin Gunnarsson, varaformaður, kosnir á aðalfundi.

Framkvæmdastjóri er Magnús Magnússon.

RAFMAGNSEFTIRLIT RÍKISINS

Rafmagnseftirlit ríkisins starfar eftir lögum nr. 60/1979 og nánari ákvæðum í reglugerð um raforkuvirki, nr. 264 31. desember 1971, með áorðnum breytingum.

Lögin kveða á um að eftirlit af hálfu ríkisins með vörnum gegn hættu og tjóni af raforkuvirkjum skuli vera í höndum Rafmagnseftirlits ríkisins. Það skal rekið sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi og heyrir undir ráðherra þann sem fer með orkumál.

Hinn 1. júlí 1933 tók gildi reglugerð um raforkuvirki, sem gefin var út 14. júní 1933 af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, samkvæmt lögum nr. 83 23. júní 1932. Ný reglugerð um raforkuvirki, nr. 264 31. desember 1971, tók gildi 1. júlí 1972. Með gildistöku reglugerðarinnar 1. júlí 1933 hefur að jafnaði verið talið, að Rafmagnseftirlit ríkisins hafi verið formlega stofnað.

Tilgangur og tilhögun starfseminnar

Rafmagnseftirlit ríkisins hefur yfirtirlit með öllum raforkuvirkjum sem reglugerð um raforkuvirki lýtur að. Eftirlit RER nær því til raforkuvera, einkarafstöðva, vararafstöðva, spennistöðva, aðveitustöðva, flutnings- og dreifivirkja raforku, iðnaðarveitna, neysluveitna og raffanga.

Með eftirliti sínu ber RER að fylgjast með hönnun og gerð raforkuvirkjanna, starfrækslu þeirra, viðhaldi og gæslu og annast rannsóknir, skýrslugerðir og upplýsingasöfnun um truflanir, tjón og slys af völdum rafmagns. Því ber einnig að fylgjast með, að hvers konar rafföng, innflutt eða smíðuð innanlands, fullnægi lágmarkskröfum um öruggan umbúnað skv. þeim reglum sem RER ákveður.

Í reglugerð um raforkuvirki eru ákvæði um eftirlit almenningsveitna og annarra rafveitna, t.d. iðnaðarveitna. Framkvæmd þess eftirlits er háð yfirumsjón RER.

Rafmagnseftirlitinu er falið að löggilda menn til rafvirkjunarstarfa, meta menntun þeirra, reynslu og hæfni, einnig sem eftirlitsmanna með raforkuvirkjum.

Þá er RER falið samstarf við náttúruverndaraðila eða hlutaðeigandi yfirvöld við mat á mengunarhættu, náttúruspjöllum eða lýtum á umhverfi af völdum raforkuvirkja eða framkvæmda við þau.

Einnig eru ákvæði í lögum um Rafmagnseftirlitið um hugsanlega fræðslu og upplýsingar til almennings um hættu af rafmagni og leiðir til að verjast þeim. Að auki hefur RER ávallt

lagt áherslu á að fræða fagmenn, hvort sem eru starfsmenn rafverktaka eða rafveitna. Er það gert á ýmsan hátt, t.d. á fundum um land allt.

Reglugerð um raforkuvirki, alþjóðlegir staðlar og samnorrænar reglur, eru sá bakgrunnur, sem stuðst skal við og fylgja ber við hönnun, setningu, smíði, meðferð, gæslu, viðhald og eftirlit allra raforkuvirkja. Með því verður hættu af völdum raforkuvirkja eins lítil og við verður komið. Með markvissu erlendu samstarfi er leitast við að einfalda störf við endurskoðun og samningu reglna og allt eftirlit, ekki síst raffangaprófun.

Yfirlit yfir starfsemina 1986

Störf Rafmagnseftirlitsins voru í meginráttum með hefðbundnum hætti árið 1986.

RER skráði alls 62 skýrslur um bruna og önnur tjón á árinu og 7 um slys á mönnum og húsdýrum frá rafbúnaði. Ekkert dauðaslys varð á mönnum á árinu. Þetta eru heldur fleiri tjón og slys en árið áður.

Á Austurlandi stundaði eftirlitsmaður RER öflugt fræðslustarf. Talið er að um 650 nemendur á aldrinum 10—15 ára ásamt kennurum hafi verið á þeim 47 fundum sem haldnir voru í 14 skólum.

Samin var tillaga að námsskrá til rafverktakanáms að beiðni iðnaðarráðuneytisins, sem setti nýjar reglur um skilyrði til manna sem hljóta vilja löggildingu til rafvirkjunarstarfa. Eftir ákvörðun iðnaðarráðuneytisins var haldið löggildingarnámskeið fyrir rafvirkja og rafvélavirkja við Iðnskólann í Reykjavík og lauk 51 nemandi námi. Á árinu voru gefnar út 23 lágspennulöggildingar, 19 háspennulöggildingar og 1 sérstæð löggilding.

Á sviði reglugerðar um raforkuvirki var unnið að endurskoðun og samningu reglugerðar ákvæða, t.d. við breytingu á reglum um jarðtengingu núlltaugar og um spennujöfnun, við að endurskoða reglur um rafbúnað iðnaðarvéla, að setja reglur um notkun plastjarðstrengja án skerms og fleiri ákvæða. Gefnar voru út 4 orðsendingar á árinu.

Reglugerðarnefndir háspennu og lágspennu störfuðu á árinu. Þær eru ráðgefandi við samningu reglugerðarákvæða og hafa þær orðið til með þeim hætti að Rafmagnseftirlitið hefur beðið tiltekna aðila að tilnefna fulltrúa í þær.

Auk eftirlits og úttektar nýrra háspennuvirkja og háspennudreifikerfa voru jafnhliða skoðuð eldri virki. Veitt voru alls 93 leyfi til setningar háspennuvirkja sem sótt var um í samræmi við reglugerð um raforkuvirki. Auk þess bárust í vaxandi mæli tilkynningar um háspennuvirki með allt að 22 kV spennu, án þess að sótt hafi verið formlega um virkin eða Rafmagnseftirlitið veitt skriflegt leyfi fyrir setningu þeirra. Að mestum hluta var hér um að ræða minni háttar framkvæmdir.

Í störfum lágspennudeildar er leitast við að starfsmenn RER skoði neysluveitur á öllum rafveitusvæðum landsins. Með slíkum úrtaksskoðunum um allt land fær RER allgóða yfirsýn yfir ástand raforkuvirkja á hinum ýmsu rafveitusvæðum landsins. Þetta er jafnframt liður í að viðhalda samræmi í túlkun á ýmsum ákvæðum reglugerðar um raforkuvirki. Með minnkaðri tíðni eftirlits með ýmsum neysluveitum, eins og mælt er fyrir um í reglugerðinni, er einkum tekið mið af breytingum sem orðið hafa á raflagnaefni vegna strangari krafna í raffangaprófun og betri kosta í efnisvali.

Eftirlit RER með neysluveitum hefur í auknum mæli verið á stórum og þýðingarmiklum vinnustöðum, þar sem eru viðamiklar og flóknar raflagnir.

Rafmagnseftirlitið hefur eftirlit með einkarafstöðvum um land allt. Hér er um að ræða stöðvar á sveitabýlum, hjá atvinnufyrirtækjum og við sumarbústaði og félagsheimili. RER hafði einnig með úttekt og eftirlit varastöðva að gera til 1984, en þá var sett í reglugerð, að rafveitur skyldu annast það eftirlit. Oft er þó leitað til RER vegna frágangs og umbúnaðar við slíkar stöðvar en einnig til eftirlits.

Eftirlit RER með innflutningi og smíði raffanga fer einkum fram við raffangaprófun. Á árinu bárust 1307 umsóknir um viðurkenningu raffanga, 1216 umsóknir tókst að afgreiða. Af þeim hlutu 926 samþykki RER. Óafgreiddum umsóknum fjölgaði á árinu, svo að þær voru orðnar 401 í árslok, um fjögurra mánaða vinna. Aðeins 4% allra umsókna eru vegna raffanga sem framleidd eru hér á landi. Raffangaprófunarnefnd hélt 46 fundi á árinu.

Með samstarfi við erlendar staðla- og reglugerðarstofnanir og samtök raffangaprófunarstöðva, annars vegar á Norðurlöndum og hins vegar á alþjóðavettvangi, er leitast við að einfalda starf að setningu ákvæða í reglugerð um raforkuvirki og samræma hana alþjóðlegum stöðlum og reglum eftir því sem íslenskar aðstæður leyfa. Jafnframt er leitast við að samræma prófanir raffanga alþjóðlegum stöðlum og starfsaðferðum í því markmiði að stuðla að auðveldari viðskiptum þjóða, nýta prófanir erlendra prófunarstöðva, gera eigin prófanir markvissari og á viðurkenndan hátt. Allt þetta gerir starf Rafmagnseftirlitsins að þessum málum ódýrara. Fundir í Norðurlandasamtökum eru haldnir til skiptis í hverju landi, en alþjóðafundir hafa enn ekki verið haldnir hérlendis á vegum RER.

Starfsfólk

Í árslok 1986 voru starfsmenn Rafmagnseftirlits ríkisins 25, þar af gegndi einn starfsmaður sameiginlegum verkefnum hjá ríkisstofnunum í Síðumúla 13. Að auki keypti RER ráðgjafafjónustu vegna einstakra verkefna, og Orkustofnun annaðist fjármálabókhald að ósk RER eins og undanfarin ár.

Á árinu voru 3 menn ráðnir til starfa en tveir létu af störfum. Ráðinn var deildarstjóri Raffangaprófunardeildar, en starfsmaður, sem gegnt hafði því starfi, tók við forstöðu markaðseftirlits í umsjón sömu deildar. Ráðinn var eftirlitsmaður neysluveitna með aðsetur á Egilsstöðum og verkfræðingur til að sinna málum varðandi reglugerð, en meginhluti starfstíma hans hefur þó verið að skipuleggja vinnslu upplýsinga í tölvu, m.a. til skráningar raffanga.

Menn, sem hættu störfum á árinu, unnu báðir við háspennueftirlit, annar að öllu leyti, hinn að hluta til ásamt sérhæfðum fræðsluverkefnum.

Verkefni RER skiptast á starfsmenn eins og hér segir:

Yfirstjórn
Reglugerðarmál
Erlend samskipti
Fræðslumál
Slysa- og tjónarannsóknir

Skrifstofustörf

Samt.: 7—8 starfsmenn

Eftirlit með raforkuvirkjum, þ.e. orkuvirkjunum, flutnings- og dreifikerfum, neysluveitum, einkastöðvum o.fl.

Samt.: 8—9 starfsmenn

Raffangaprófun og markaðseftirlit

Samt.: 8—9 starfsmenn

Rekstur

Til rekstrar Rafmagnseftirlits ríkisins var aflað tekna samkvæmt 1. lið 9. gr. laga nr. 60/1979, þ.e. að raforkuver og rafveitur greiddu 1,0% af heildartekjum af raforkusölu og

leigu mælitækja, að frádregnu andvirði aðkeyprar raforku, söluskatti og verðjöfnunargjaldi, þó að undanskilinni raforkusölu til álverksmiðjunnar í Straumsvík og til járnblendi-verksmiðjunnar á Grundartanga. Að auki voru tekjur af sérstökum verkefnum.

Rekstrarreikningur RER árið 1986 var sem hér segir:	1986	1985
	(þús. kr.)	(þús. kr.)
Rekstrartekjur	38.718	35.130
Rekstrargjöld	(38.834)	(31.301)
Hagnaður (tap)	(116)	3.829

Stjórn

Í september 1985 skipaði þáverandi iðnaðarráðherra eftirtalda menn í stjórn RER til loka árs 1986:

Helga G. Þórðarson, verkfræðing, formann

Helga Ólafsson, hagfræðing

Baldur Pétursson, viðskiptafræðing

Rafmagnseftirlitsstjóri ríkisins er Bergur Jónsson, verkfræðingur.

STEINULLARVERKSMIÐJAN H.F.

Með lögum nr. 61 frá 4. júní 1981, um Steinullarverksmiðju, var ríkisstjórninni heimilað að taka þátt í stofnun hlutafélags um byggingu steinullarverksmiðju og leggja fram allt að 40% af hlutafé þess, enda verði hlutafé félagsins minnst 30% af stofnkostnaði fyrirhugaðrar steinullarverksmiðju.

Hinn 2. desember 1982 var undirritaður stofnsamningur fyrir Steinullarverksmiðjuna h.f. og undirritaði iðnaðarráðherra stofnsamninginn fyrir hönd íslenska ríkisins með 40% hlutafjár og Steinullarfélagið h.f. með 60% hlutafjár. Jafnframt gaf Sauðárkrókskaupstaður út yfirlýsingu um að hann mundi ábyrgjast hlutafjárframlög Steinullarfélagsins með hliðsjón af skilyrðum ríkisins. Á árinu 1983 ákváðu Kaupfélag Skagfirðinga, Samband ísl. samvinnufélaga og Oy Partek A/B, Finnlandi, að gerast hluthafar í félaginu.

Hlutafé félagsins skiptist þannig í reikningum ársins 1985:

	Hlutafé kr. (nafnverð)	%
Ríkissjóður	27.320.000	40,00
Samband ísl. samvinnufélaga	11.227.500	16,44
Kaupfélag Skagfirðinga	3.742.500	5,48
Oy Partek AB	7.810.000	11,44
Steinullarfélagið h.f.	18.200.000	26,64
Samtals	68.300.000	100,00

Stærsti hluthafinn í Steinullarfélaginu h.f. er Sauðárkrókskaupstaður, en hluthafar eru alls 324, einstaklingar og fyrirtæki.

Á aðalfundi félagsins 1985 samþykktu eigendur að hlutafé yrði aukið, þannig að það næði 30% af stofnkostnaði, eins og ákvæði stofnsamnings segja til um. Þessi aukning nam 22 millj. kr. á verðlagi í september 1985 og var innborguð á árinu 1986.

Rekstur ársins 1986

Framleiðsla og sala

Árið 1986 var fyrsta heila rekstrarár verksmiðjunnar. Framleiðslan hefur gengið áfallalaust og voru framleidd 2650 tonn á 38 framleiðsluvikum. Salan var hins vegar 2440 tonn og er það nokkru minna en áætlað hafði verið. Birgðasöfnun varð af þessum sökum allnokkur eða 9.9 milljónir króna.

Sala til Færeyja hófst í mars og hefur aukist jafnt og þétt síðan. Síðustu mánuði ársins var sala á Færeyjamarkað um 15% af heildarsölu verksmiðjunnar.

Framleiðslu verksmiðjunnar hefur verið mjög vel tekið jafnt innanlands sem utan.

Samdráttur sá, sem verið hefur undanfarin 2 ár á sviði nýbygginga, hefur þó valdið því, að salan varð minni en ætla má í hefðbundnu árferði.

Samningar við Elkem

Rafbræðsluofn verksmiðjunnar hefur gengið áfallalaust þó ekki hafi Elkem enn tekist að uppfylla öll þau skilyrði sem kaupsamningur kveður á um.

Gengið var frá skaðabótasamningi við Elkem í október sl. Fól hann m.a. í sér skuldajöfnun milli aðilanna auk beinna skaðabóta af hendi Elkem.

Þá er og gert ráð fyrir að ofninn teljist ekki afhentur fyrr en Elkem hefur bætt úr öllum mikilvægustu ágöllumum.

Reikningar ársins

Stjórn Steinullarverksmiðjunnar samþykkti að breyta reikningsskilaaðferðum í ársuppgjöri. Meginbreytingin er sú, að í útreikningi á verðbreytingarfærslu er beitt svokallaðri fráviksreglu í stað útreikningsaðferða á grundvelli skattalaganna, en talið er að fyrrnefnda aðferðin gefi mun réttari mynd af raunverulegri afkomu og stöðu skuldsettra fyrirtækja á borð við Steinullarverksmiðjuna.

Þá hefur afskriftahlutföllum verið breytt til samræmis við raunendingu í tæknilegu og efnislegu tilliti og m.a. stuðst við álit Partek A/B í þeim efnunum.

Ársreikningur

Á árinu störfuðu 33 starfsmenn hjá félaginu að meðaltali og námu launagreiðslur samtals kr. 23.391.653. Stjórnarlaun voru kr. 589.500.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok 1986:	1986 (þús. kr.)	1985 (þús. kr.)
Rekstrartekjur	86.860	19.840
Rekstrargjöld	(116.868)	(44.147)
Fjármagnsgjöld	(12.889)	(4.896)
Óreglulegar tekjur	7.973	9
Hagnaður (Tap)	(34.925)	(29.195)
Eignir	561.478	434.427
Skuldir	(447.099)	(384.620)
Eigið fé	114.379	49.807

Á árinu 1986 varð ljóst að arðsemisforsendur hefðu brostið að verulegu leyti, þar sem verðþróun á vörum verksmiðjunnar, sölumagn og gengisþróun voru á annan veg en gert hafði verið ráð fyrir.

Pannig sýndu arðsemis- og greiðslustreymisathuganir að fyrirtækið mundi innan tíðar verða ófært um að standa við skuldbindingar sínar. Víðtækrar endurskipulagningar væri því þörf í fjármálum og rekstri.

Endurskipulagning

Stjórn verksmiðjunnar ákvað í ljósi framangreindra staðreynda að leggja til við hluthafa að látið yrði á það reyna, hvort með víðtækum aðgerðum mætti takast að bjarga fyrirtækinu út úr þeim greiðsluvanda er við blasti.

Að fengnu samþykki hluthafa um skilyrta hlutafjárakningu að upphæð 60 milljónir króna var samið við alla helstu lánardrottna og þjónustuaðila félagsins.

Tekist hefur í öllum megindráttum að uppfylla þau skilyrði er sett voru, og er því ljóst að rekstrargrundvöllur og fjármál fyrirtækisins eru í mun traustara horfi en áður. Endurskipulagningin, sem staðið hefur fram til aðalfundar, tekur til eftirfarandi atriða:

Hlutafjárakning

Hluthafar, að Partek A/B undanskildum, hafa samþykkt hlutafjárakningu að upphæð 60 milljónir kr.

Þá hafa starfsmenn, stjórn og stjórnendur verksmiðjunnar samþykkt að bjóða fram hlutafé að upphæð 1.3 milljónir króna.

Partek A/B býður vélasamstæður og tæknaðstoð að upphæð allt að 11 milljónir kr. sem metið verður sem hlutafé.

Samtals mun því hlutafjárakningin nema allt að 72 milljónum kr. og koma til greiðslu á árunum 1987 og 1988.

Endurskipulagning lána

Samið hefur verið við alla helstu lánardrottna félagsins og lánnum, sem áður voru hrein skammtímalán eða til skemmri tíma en 5—6 ára, breytt í lán til allt að 10 ára.

Þá hafa vaxtakjör jafnframt fengist bætt, þar sem þau voru hvað óhagstæðust. Gjaldföllnum afborgunum og vöxtum hjá sjóðum iðnaðarins hefur verið breytt í langtímalán jafnframt því sem tekin hafa verið tvö ný lán hjá sömu sjóðum samtals að upphæð 28 milljónir króna.

Hagræðingaraðgerðir

Stjórnendur verksmiðjunnar hafa með kerfisbundnum hætti skoðað alla þætti rekstrarins og í framhaldi af þeirri skoðun hefur stöðugildum í verksmiðjunni fækkað um tvö.

Þá hefur starfi sölustjóra verið breytt og eiginleg söluskrifstofa í Reykjavík lögð niður, án þess að þjónusta verksmiðjunnar eigi að minnka af þeim sökum.

Loks ber að geta ýmiss konar minni háttar aðgerða í formi sparnaðar í orkunotkun o.fl.

Endurskoðun dreifingar- og þjónustusamninga

Samið hefur verið um breytingar á dreifingarsamningi við SÍS, sem hefur í för með sér talsverðan sparnað fyrir verksmiðjuna.

Þá hefur jafnframt verið samið við alla dreifingaraðila um breytingar á framkvæmd afslátta.

Samið var einnig við ýmsa þjónustuaðila og hráefnasala um umtalsverðar verðlækkanir.

Samtals má gera ráð fyrir að hagræðingaraðgerðirnar ásamt endurskoðun dreifingar- fyrirkomulags spari verksmiðjunni 7—8 milljónir króna á ári fyrst um sinn.

Samstarf við Partek A/B

Gerður hefur verið samstarfssamningur við Partek A/B á sviði tækniþekkingar, vöruþróunar og markaðsöflunar. Bundnar eru miklar vonir við samstarf þetta, þar sem ætla má að möguleikar verksmiðjunnar til skjótrar markaðsöflunar erlendis muni stóraukast.

Rekstrarhorfur

Stjórn verksmiðjunnar telur að með framangreindu hlutafjárframlagi og endurskipulagningu fjármála og rekstrar séu allmiklar líkur á að takast megi að yfirstíga greiðsluferfiðleika félagsins og skapa fyrirtækinu viðunandi rekstrargrundvöll.

Stjórnin byggir ekki síst vonir sínar á þeim móttökum, sem framleiðsluvörur verksmiðjunnar hafa fengið á íslenska markaðnum, og umsögnum samherja og keppinauta á ótvíræðum gæðum íslensku steinullarinnar.

Söluhorfur á útflutningsmörkuðum virðast bjartar og telur stjórnin að miðað við óbreyttar forsendur megi á tiltölulega skömmum tíma takast að afla markaða sem fullnýti afkastagetu verksmiðjunnar.

Ljóst er þó að bregðist mikilvægir þættir samtímis yfir lengri eða skemmri tíma mun hættan á, að verksmiðjan geti lent í alvarlegum greiðsluferfiðleikum, aukast til muna.

Stjórn

Stjórnarmenn ríkisins til aðalfundar 1987 eru:

Lára M. Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri, tilnefnd af fjármálaráðherra, og Halldór J. Kristjánsson, yfirlögfræðingur, tilnefndur af iðnaðarráðherra.

Aðrir stjórnarmenn eru:

Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri, sem er formaður stjórnar.

Stefán Guðmundsson, alþm.

Snorri Egilsson, deildarstjóri.

Ólafur Friðriksson, kaupfélagsstjóri.

Kai Westeren, frá Partek A/B.

Framkvæmdastjóri var Þórður H. Hilmarsson.

ORKUSTOFNUN ERLENDIS H.F.

Inngangur

Félagið er hlutafélag sem íslenska ríkið hefur stofnað á grundvelli laga nr. 32/1978 um hlutafélög og samkvæmt ákvæðum laga nr. 53/1985 um breytingu á orkulögum og nafn þess er Orkustofnun erlendis h.f. Á starfsvettvangi sínum erlendis gengur það undir nafninu Orkustofnun International (ORKINT).

Tilgangur félagsins er að markaðsfæra erlendis þá þekkingu sem Orkustofnun ræður yfir á sviði rannsókna, vinnslu og notkunar jarðhita, vatnsorkurannsókna og áætlunargerðar í orkumálum, svo og á öðrum sviðum eftir því sem fært þykir. Hlutafélaginu er heimilt að taka þátt í stofnun fyrirtækja í fyrrgreindum tilgangi ásamt íslenskum og erlendum samstarfsaðilum í samræmi við 7. gr. orkulaga nr. 58/1967, sbr. lög nr. 53/1985.

Reksturinn 1986

Í samræmi við tilgang félagsins fólst starfsemi félagsins árið 1986 einkum í því að markaðsfæra erlendis þá þekkingu sem Orkustofnun ræður yfir á sviði rannsókna, vinnslu og notkunar jarðhita, auk vatnsorkurannsókna.

Meðal verkefna sem unnið var að má nefna:

Þátttöku í sýningum í tengslum við World Energy Conference í Cannes 5.—11. október 1986. Öflun jarðhitaverkefna í Tyrklandi, m.a. ráðgjöf varðandi hitaveitu fyrir Denizhiborg. Öflun jarðhitaverkefna í Tíbet, m.a. vegna hitaveituf framkvæmda og raforkuvinnslu úr jarðhita. Öflun jarðhitaverkefna í Kenýa í samstarfi við Virki h.f. og Jarðboranir h.f.

Helstu tölur úr ársreikningi félagsins eru þessar:	1986 þús. kr.	1985 þús. kr.
Rekstrartekjur	3.650,8	9,1
Rekstrargjöld	(6.527,7)	(158,6)
Hagnaður (tap)	(2.876,9)	(149,5)
Eignir	3.430,4	5.338,0
Skuldir	(556,8)	(84,3)
Eigið fé	2.873,6	5.253,6

Hafa ber í huga að félagið tók til starfa í október 1985 og var þá í upphafi lagt til hlutafé að fjárhæð rúmlega 4 M.kr.

Rauntekjur af rekstri hafa verið litlar en útgjöld við verkefnaöflun fjármögnuð af hlutafjárframlögum.

Stjórn

Á aðalfundi félagsins 1986 voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins til næsta aðalfundar:

Jónas Elíasson, prófessor, formaður, Valdimar Kr. Jónsson, prófessor, og Þóroddur Th. Sigurðsson, vatnsveitustjóri. Framkvæmdastjóri félagsins á árinu 1986 var Ingvar Níelsson, verkfræðingur.

KÍSILMÁLMMVINNSLAN H.F.

Inngangur

Árið 1982 voru samþykkt á Alþingi lög um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, er heimiluðu ríkisstjórninni að beita sér fyrir stofnun hlutafélags er reisi og reki verksmiðju á Reyðarfirði til framleiðslu á kísilmálm og hafi með höndum þá framleiðslu og skyldan atvinnurekstur. Með vísan til framangreindra laga var Kísilmálmvinnslan h.f. stofnuð 4. júní 1982.

Síðari hluta árs 1983 voru áætlanir um byggingu verksmiðjunnar kynntar fjölmörgum fyrirtækjum og aðilum í Evrópu, Ameríku og Japan. Fyrri hluta árs 1984 var farið til viðræðna við þau fyrirtæki, er óskað höfðu frekari upplýsinga. Þá komu hingað til lands fulltrúar nokkurra fyrirtækja til frekari viðræðna og til þess að kynna sér aðstæður.

Í maí 1984 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að taka ákvörðun um að reisa og reka kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð og leita samvinnu við innlenda og erlenda aðila um eignaraðild. Á árunum 1984 og 1985 var rætt við fulltrúa allmargra erlendra fyrirtækja um eignaraðild að fyrirhugaðri kísilmálmverksmiðju án þess að jákvæð niðurstaða fengist.

Á miðju ári 1985 voru teknar upp að nýju könnunarviðræður við breska fyrirtækið RTZ Metals í Bristol, en rætt hafði verið við það fyrirtæki síðari hluta árs 1984. Niðurstöður þeirra viðræðna urðu þær að síðari hluta desembermánaðar ákvað fyrirtækið að taka upp formlegar viðræður við íslensk stjórnvöld um hugsanlega eignaraðild að Kísilmálmvinnslunni h.f.

Í janúar 1986 skipaði Albert Guðmundsson, iðnaðarráðherra, Axel Gíslason, Birgi Ísl. Gunnarsson, Geir H. Haarde, Guðmund G. Þórarinsson og Halldór J. Kristjánsson í nefnd til þess að hafa með höndum samninga af hálfu Íslendinga. Formaður nefndarinnar er Birgir Ísl. Gunnarsson. Með nefndinni hafa starfað Geir A. Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri, og Baldur Guðlaugsson, hæstaréttarlögmaður.

Viðræður við RTZ Metals hófust með formlegum hætti með fundi í janúar 1986 í Bristol og voru tólf viðræðufundir haldnir á árinu 1986. Hafa viðræðurnar gengið vel þannig að fyrir liggur að ganga megi frá endanlegum samningum milli aðila með skömmum fyrirvara. Hins vegar hafa ytri aðstæður þróast verkefninu mjög í óhag, svo sem gerð er grein fyrir hér á eftir. Hefur það valdið drætti á ákvörðunum um málið.

Rekstur 1986

Starfsemi Kísilmálmvinnslunnar mótaðist af viðræðum um eignaraðild RTZ Metals Ltd. að fyrirtækinu. Á árinu var veruleg vinna lögð í markaðsathugun og kannaðar leiðir til sölu á væntanlegri framleiðslu. Hagkvæmniathuganir og arðsemireikningar voru endurnýjuð. Undirbúið var útboð á byggingu verksmiðjunnar og í því sambandi lagt í verulega vinnu og kostnað við að finna leiðir til sparnaðar á stofnkostnaði, m.a. með nokkurri endurkönnun. Starfsemin hefur því einkennst af vinnu starfsmanna þess við þau fjölmörgu verkefni er tengdust eignaraðildarkönnun og samningaviðræðum.

Helstu niðurstöður skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok 1986 (1985) eru:

	1986 þús. kr.	1985 þús. kr.
Rekstrartekjur (styrkur)	17.717,5	93,5
Rekstrargjöld	(17.990,5)	(9.666,0)
Hagnaður (Tap)	(273,0)	(9.572,5)
Eignir	108.098,5	85.167,6
Skuldir	(959,0)	(742,7)
Eigið fé	107.139,5	84.424,9

Ofangreindar niðurstöðutölur úr rekstri verða að skoðast í því ljósi að enginn eiginlegur rekstur er hafinn og öll rekstrargjöld eru eignfærð sem stofnkostnaður.

Stjórn

Alþingi kýs hlutfallskosningu fulltrúa ríkisins í stjórn félagsins til eins árs í senn. Eftirtaldir menn hlutu kosningu á fundi sameinaðs Alþingis í maí 1986:

Geir H. Haarde, hagfræðingur, Sveinn Jónsson, verkfræðingur, Axel Gíslason, framkvæmdastjóri, Theódór Blöndal, tæknifræðingur, Helgi Hálfðánarson, fulltrúi, Hörður Þórhallsson, sveitarstjóri, og Sveinn Þórarinsson, verkfræðingur.

Iðnaðarráðherra skipaði Geir H. Haarde formann stjórnar. Framkvæmdastjóri var Geir A. Gunnlaugsson.

Arðsemi og ytri aðstæður

Þær niðurstöður arðsemireikninga, er nú liggja fyrir, sýna að á grundvelli tilboða í byggingu verksmiðjunnar, núverandi verðs á aðföngum verksmiðjunnar og markaðsverðs á kísilmálm er arðsemi verksmiðjunnar eftir sköttun rúm 8%. Hefur þá verið gert ráð fyrir að heildarstofnkostnaður verksmiðjunnar verði um 86 milljónir dala á verðlagi 1986 og að vegið meðalverð á kísilmálm sé nú um 1.300 dalir á tonn.

Arðsemi þessi er allverulega lægri en hún var metin á árinu 1985 og lögð til grundvallar er viðræður við RTZ Metals hófust í byrjun þessa árs og telst ekki viðunandi. Miðað hefur verið við að arðsemi heildarfjármagns eftir sköttun væri minnst 10% til þess að ráðlegt væri talið að ráðast í byggingu verksmiðjunnar.

Meginorsakir þessarar breyttu niðurstöðu af mati á hagkvæmni verksmiðjunnar má rekja til:

- a) Gengisfalls bandaríkjadals gagnvart helstu gjaldmiðlum í Evrópu og þar af leiðandi hækkunar á aðföngum til byggingar og rekstrar verksmiðjunnar.
- b) Hækkunar á innlendum byggingarkostnaði, mældum í bandaríkjadöllum.
- c) Þess að verð á kísilmálm hefur haldist óbreytt og jafnvel lækkað í bandaríkjadöllum.

Samspil framangreindra atriða hefur leitt til þess að núvirði afkomu verksmiðjunnar á grundvelli 10% vaxta hefur versnað um allt að þrjátíu milljónir dala á þeim tíma er samningaviðræður hafa staðið yfir við RTZ Metals.

Staða málsins

Arðsemi kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði er ófullnægjandi miðað við núverandi aðstæður, sem breyst hafa mjög hratt til hins verra síðan samningaviðræður hófust við RTZ Metals í janúar 1986, og var þetta orðið ljóst í janúar 1987. Þrátt fyrir þetta voru báðir samningsaðilar sammála um að vinna áfram að verkefninu og leita leiða til þess að lækka stofnkostnað verksmiðjunnar og kanna frekar aðrar leiðir til þess að auka arðsemi fjárfestingarinnar. Þeirri vinnu lauk í júní án þess að viðunandi niðurstaða fengist. Var þá ákveðið að gera hlé á frekari vinnu að málinu.

Arðsemi verksmiðjunnar verður endurmetin sameiginlega af fulltrúum RTZ Metals og viðræðunefnd iðnaðarráðherra í desember 1987, og verður það gert í samræmi við bókun aðila frá 27. júní 1987 um niðurstöður viðræðna aðila. Starfsemi Kísilmálmvinnslunnar h.f. hefur legið niðri frá því í júní 1987.

Í sérstakri skýrslu iðnaðarráðherra til Alþingis í mars 1987 var gerð ítarleg grein fyrir stöðu samninga við RTZ Metals um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði og vísast til þeirrar skýrslu að öðru leyti.

RÍKISPRENTSMIÐJAN GUTENBERG

Rekstur prentsmiðjunnar árið 1986 var í sömu skorðum sem undanfarin ár, en þó hefur samkeppni aukist til muna og hefur verið reynt að halda í við aðra aðila sem eru á sama markaði og reynt hefur verið að auka þjónustu við viðskiptamenn fyrirtækisins eins og kostur er.

Mannahald var með líkum hætti nú sem undangengin ár og var starfsmannafjöldi um 75 um síðustu áramót.

Byggt var við húsnæðið á sl. ári og er einungis eftir að innrétta það húsnæði og verður því lokið á árinu 1987.

Lokið var máli því sem reis í sambandi við flutning texta frá Alþingi og til prentsmiðjunnar og lauk því með sáttum án þess að það færi fyrir félagsdóm, og má segja að það hafi verið farsæll endir á því máli.

Rekstur

Staða á rekstrar- og efnahagsreikningi var sem hér segir í árslok 1986:

	1986	1985	1984
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.
Rekstrartekjur	97.718	79.538	50.582
Rekstrargjöld	(91.338)	(77.257)	(49.490)
Nettó fjármagnstekjur (gjöld)	(5.833)	(1.534)	(2.505)
Hagnaður (tap)	547	747	(1.413)
Eignir	95.605	75.873	52.288
Skuldir	(30.268)	(24.949)	(13.686)
Eigið fé	65.337	50.924	38.602

Stjórn

Í stjórn prentsmiðjunnar sitja eftirtaldir menn:

Eggert G. Þorsteinsson, formaður

Lúðvíg Hjálmtýsson, varaformaður

Hjörtur Hjartarson, ritari

Forstjóri er Guðmundur Kristjánsson.

JARÐBORANIR H.F.

Inngangur

Jarðboranir h.f., sem stofnaðar voru í ársbyrjun 1986, eru til helminga í eigu ríkisins og Reykjavíkurborgar. Fyrirtækið yfirtók allan rekstur Jarðborana ríkisins og Gufubors ríkisins og Reykjavíkurborgar, en fyrrnefnda fyrirtækið var að fullu eign ríkisins en hið síðarnefnda til helminga í eigu ríkisins og Reykjavíkurborgar.

Með lögum nr. 107/1985 var fyrrnefndum aðilum heimilað að stofna hlutafélag um reksturinn sem að öllu leyti fellur undir lög um hlutafélög með þeirri undantekningu að eigendur fyrirtækisins eru aðeins tveir.

Í lögnum var sveitarfélögum eða fyrirtækjum þeirra veittur réttur til að kaupa hlutabréf ríkisins á fyrsta starfsárinu, en enginn notaði þann rétt.

Stjórn

Í stjórn félagsins voru kosnir:

Jónas Elíasson, prófessor, formaður

Þórður Þ. Þorbjarnarson, borgarverkfræðingur, varaformaður

Jakob Björnsson, orkumálastjóri

Jóhannes Zoëga, hitaveitustjóri

Ólafur Guðmundsson, fjármálastjóri

Á fyrsta stjórnarfundinum, sem haldinn var á stofndeginum, var Karl Ragnars verkfræðingur ráðinn framkvæmdastjóri félagsins.

Starfsemin

Á fyrsta starfsári fyrirtækisins voru borverkefningin mun minni að umfangi en áður var og ekki nema helmingur af meðaltali undangenginna ára. Af þessu varð óhjákvæmilega fækkun

á starfsmönnum fyrirtækisins. Á árinu voru aðeins boraðar tvær háhitaholur og fyrirsjáanlegt að ekkert verður borað eftir jarðgufu á næstunni.

Boranir eftir heitu vatni fyrir hitaveitur hafa líka dregist saman, en ætla má að hér sé um tímabundið ástand að ræða. Boranir eftir köldu vatni, volgu vatni og sjó fyrir fiskeldistöðvar hafa verið vaxandi.

Til þess að nýta tæki og þekkingu á meðan lægð er hér í háhitaborunum var leitað eftir verkefnum fyrir stóru borana erlendis.

Tilboð var gert í borun fjögurra hola í Djibouti og leitað heimildar til þess að bjóða í borun átta hola í Kenýa.

Verkefni erlendis eru þeim mun álitlegri fyrir fyrirtækið vegna sterkrar eiginfjárstöðu og vel þjálfaðs starfsfólks með mikla þekkingu og reynslu.

Hagnaður af rekstri 1986 var um 0,5 M.kr., sem er um 0,5% af rekstrartekjum. Er fyrrnefndur samdráttur í verkefnum helsta ástæða þess að hagnaðurinn er ekki meiri en raun ber vitni.

Heildareignir félagsins námu í árslok 1986 338 M.kr. Eigið fé félagsins nam í árslok 1986 279 M.kr. og hafði því aukist um liðlega 41 M.kr. á árinu.

Launa- og kostnaðarbókhald hafði verið hjá launadeild fjármálaráðuneytis og Orkustofnun, en þegar var hafist handa við að undirbúa yfirtöku þess. Fyrirtækið kom sér upp launakerfi sem tekið var í notkun í maí og gerður var bráðabirgðasamningur við Orkustofnun um færslu á kostnaðarbókhaldinu til ársloka 1986 og skyldi undirbúningi við yfirtöku þess þá lokið. Fjármálastjóri var ráðinn að fyrirtækinu í maí og var það ný staða. Var fyrsti bankareikningur Jarðborana h.f. stofnaður um það leyti. Á miðju ári var nýr sími á nafni fyrirtækisins tekinn í notkun en áður var síminn á nafni Orkustofnunar.

Óhætt er að fullyrða að verkefnaskortur hafi háð starfsemi á fyrsta starfsárinu, en borverkefni á því ári voru einungis um helmingur af því sem þau höfðu verið á undangengnum árum.

Til þess að auka við verkefnin voru uppi tilburðir til verkefnaöflunar erlendis og í því sambandi sent tilboð í borun fjögurra hola í Djibouti í Afríku. Ekki var heppnin með í þessu fyrsta tilboði sem lagt hefur verið fram erlendis, en mikill lærdómur var þó af því dreginn og viss sigur í því fólgin að fyrirtækið skyldi dæmt hæft til að takast á við verkefnið. Einnig var umsókn um leyfi til þess að gera tilboð í átta borholur í Kenýa lögð fram og kom útboðslýsing á síðasta degi ársins.

Ef marka má reynsluna fyrir starfsárið er augljóst að breytingin á rekstrinum í hlutafélagsform er til mikilla bóta frá því sem áður var. Sveigjanleiki í rekstri er meiri og öll ákvarðanatataka hraðari. Aukin samkeppni er einkenni allrar atvinnustarfsemi í dag og tækniþróun og aðrar breytingar, sem sífellt þarf að bregðast við, eru mun örari en áður gerðist. Stjórnendur fyrirtækisins þurfa að skilja eðli nýjunga og þróun þeirra.

Fyrirtæki eins og Jarðboranir þarf að hafa það stefnumark að skapa nýjungar og taka áhættu. Allt eru þetta atriði, sem eru erfið í framkvæmd í ríkisrekstri.

Starfsmannahald

Á árinu voru átta fastráðnir starfsmenn með aðsetur á skrifstofu við hönnun borverka og áætlanagerð, verkefnastjórn og almenn skrifstofustörf. Fjórir starfsmenn unnu að staðaldri í áhaldahúsum við Funahöfða og í Vesturvör við birgða- og tækjavörslu og að viðhaldi bora. Í áhöfnum boranna voru um 40 manns þegar flest var. Heildarvinnustundafjöldi á árinu var 125.100 klst. og seldur tími í borverkum 51.400 klst. Samkvæmt þessu var umfangið í starfsemi á árinu 1986 aðeins 44% af því sem það var árið áður. Vegna samdráttarins reyndist nauðsynlegt að segja upp starfi 15 gamalreyndum starfsmönnum, sem sumir höfðu unnið hjá fyrirtækinu í áratugi.

Ársafkoma 1986

Heildartekjur Jarðborana h.f. á fyrsta starfsári námu 97,4 milljónum króna, en rekstrargjöld námu 91,8 milljónum króna.

Árið 1986 varð hagnaður af rekstri félagsins að upphæð 524 þús. króna. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur á árinu 1986 námu 3,8 milljónum króna eftir að reiknuð gjöld vegna áhrifa verðlagsbreytinga að fjárhæð 15,9 milljónir króna höfðu verið dregin frá fjármunatekjum. Hin reiknuðu gjöld eiga að sýna þá raunvirðisrýrnun sem verður á peningalegum eignum og skuldum miðað við verðbólgu ársins. Niðurstaða rekstrarreiknings er sem næst á meðalverðlagi ársins 1986 en efnahagsreikningurinn á verðlagi í árslok 1986.

Í rekstrarreikningi eru laun og starfsmannakostnaður stærsti kostnaðarliður félagsins og námu um 40,2 milljónum króna eða um 41,3% af útgjöldum.

Rekstrarliðurinn kostnaður vegna borverkefna er einnig hlutfallslega hár og nam um 22,6 milljónum króna á árinu, sem er um 23,2% af útgjöldum.

Félagið mun greiða skatta til ríkis og sveitafélags að upphæð 6,7 milljónir króna. Helstu liðir skatta eru launatengd gjöld 3,9 milljónir króna, en aðstöðugjald og eignarskattur nema 2,8 milljónum króna.

Í efnahagsreikningi kemur fram að heildareignir félagsins í árslok 1986 námu 338,3 milljónum króna.

Bókfært verðmæti bora félagsins var 109,9 milljónir króna en verðmæti áhalda, tækja og bifreiða samtals 48,6 milljónir króna. Fasteignir félagsins eru bókfærðar á 6,7 milljónir króna.

Skuldir félagsins námu samtals 59,4 milljónum króna og skiptast þannig að skammtíma-skuldir nema 12,4 milljónum króna en langtímaskuldir 47 milljónum króna.

Hlutfé félagsins er 136 milljónir króna.

Rekstrar- og efnahagsreikningur

Rekstrartekjur samtals	97.494.827
Rekstrargjöld samtals	(91.843.912)
Rekstrarhagnaður	5.650.915
Fjármunatekjur (og fjármagnsgjöld) samtals	(3.898.455)
Hagnaður ársins	524.460
Eignir samtals	338.379.782
Skuldir samtals	(59.443.561)
Eigið fé samtals	278.936.221

IÐNTÆKNISTOFNUN ÍSLANDS

Iðntæknistofnun Íslands starfar samkvæmt lögum nr. 41 frá 6. maí 1978, en með þeim lögum voru Iðnþróunarstofnun Íslands og Rannsóknastofnun iðnaðarins sameinaðar í Iðntæknistofnun Íslands. Iðntæknistofnun Íslands er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn iðnaðarráðuneytisins.

Hlutverk stofnunarinnar er að vinna að tækniþróun og aukinni framleiðni í íslenskum iðnaði með því að veita iðnaðinum í heild, einstökum greinum hans og iðnfyrirtækjum sérhæfða þjónustu á sviði tækni- og stjórnunarmála og stuðla að hagkvæmri nýtingu íslenskra auðlinda til iðnaðar.

Stofnuninni er heimilt að veita þjónustu öðrum aðilum, sem hafa þörf fyrir þá sérþekkingu, er stofnunin hefur yfir að ráða.

Hlutverki sínu skal stofnunin gegna meðal annars með því að vinna að ráðgjöf og fræðslu, öflun og dreifingu upplýsinga, hagnýtum rannsóknum, tilraunum og prófunum, tæknilegu eftirliti og stöðlun. Stofnunin annast samskipti við hliðstæðar erlendar stofnanir.

Stjórn

Iðnaðarráðherra skipar stjórn stofnunarinnar, 1 fulltrúa án tilnefningar en 4 samkvæmt tilnefningum Félags ísl. iðnrekenda, Landssambands iðnaðarmanna, Landssambands iðnverkafólks og Alþýðusambands Íslands. Stjórn stofnunarinnar skipa:

Gunnar Scheving Thorsteinsson, verkfræðingur, formaður, Ágúst Valfells, framkvæmdastjóri, Guðjón Jónsson, járnsmiður, Sigríður Skarphéðinsdóttir, iðnverkakona, og Steinar Steinsson, tæknifræðingur. Forstjóri er Páll Kr. Pálsson, iðnaðarverkfræðingur.

Starfsemi Iðntæknistofnunar Íslands

Stofnunin skiptist í 11 deildir og er sérhverri stýrt af deildarstjóra sem hefur sér til faglegs ráðuneytis ráðgjafarnefnd skipaða fulltrúum fyrirtækja á viðkomandi sviði.

Á undanförunum árum hefur verið lögð áhersla á uppbyggingu þekkingar og tækjakosts til að stunda ýmiss konar rannsóknir og prófanir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Þá hefur fræðslustarf, einkum námskeiðahald, verið stór þáttur í starfsemi stofnunarinnar.

Fræðsla og upplýsingamiðlun

Á Iðntæknistofnun eru Verkstjórnarfræðslan, Fræðslumiðstöð iðnaðarins og námskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla staðsett. Árlega eru tugir sérhæfðra námskeiða haldnir fyrir starfsfólk í iðnaði og unnið nýtt námsefni í ýmsum greinum. Ríkari áhersla er nú lögð á miðlun upplýsinga og er í því sambandi gefið út fréttablaðið PÚLSINN.

Iðntækniþjónusta

Efna- og matvælatæknideild hefur með höndum rannsóknir, þróun og gæðaeftirlit á framleiðslu fyrirtækja í efna- og matvælaiðnaði. Vaxandi þáttur í starfsemi deildarinnar er vöruþróun í matvælaiðnaði.

Málmtæknideild sinnir ýmiss konar eftirliti með umfangsmeiri mannvirkjagerð. Deildin sér um þjálfun suðumanna og gefur út hæfnisskírteini. Þá er veitt aðstoð við vöruþróun, framleiðsluskipulagningu og notkun nýrrar tækni. Á sviði efnistækni er unnið að rannsóknar- og þróunarverkefnum í samráði við innlend fyrirtæki á sviði málmsteypu og þróun nýrra efnasambanda áls. Auk ofangreindra verkefna er unnið að fjölda smærri verkefna á sviði efnisrannsókna, tæringar- og tjónagreininga.

Sjálfvirknideild, Trefjatæknideild og Trétæknideild hafa með höndum gæðaeftirlit og ýmis þróunarverkefni fyrir fyrirtæki í þessum greinum. Meðal verkefna má nefna sjálfvirknivæðingu í framleiðsluiðnaði á vegum Sjálfvirknideildar í samstarfi við rafeindafyrirtæki, Trefjadeild vinnur að vöruþróunarverkefnum í samráði við fyrirtæki í ullarvöruframleiðslu og Trétæknideild vinnur m.a. að uppbyggingu gæðaeftirlits með framleiðslu húsgagna og innréttinga í samræmi við alþjóðlega staðla. Tvær síðast nefndu deildirnar eiga virkan þátt í því menntunarátaki sem hafið er fyrir ófaglærða.

Rekstrartæknideild og Staðladeild starfa þverfaglega og taka því þátt í ýmsum sérverkefnum annarra deilda. Innan Staðladeildar er í undirbúningi áttak á sviði byggingastaðla.

Nýiðnaðardeild

Deildin hefur það markmið að stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja eða nýrrar framleiðslu innan starfandi iðnaðar. Meðal verkefna deildarinnar um þessar mundir eru: Þróun aðferða

til framleiðslu oxíðdufts (ceramics), en notkun afurða úr þessu efni vex nú mjög. Samstarfsfyrirtæki í verkefninu er sænska stórfyrirtækið ASEA, en Járnblendiverksmiðjan á Grundartanga hefur sýnt mikinn áhuga á að tengjast því. Þá er unnið að þróun aðferða til framleiðslu kíslar til útflutnings í samvinnu við Hitaveitu Suðurnesja. Á sviði líftækni er unnið að viðamiklu þróunarverkefni um framleiðslu prótínkljúfandi ensíma úr hitaþolnum hveraörverum. Markmið verkefnisins er að byggja upp færni, tækjabúnað og aðstöðu til tilraunaframleiðslu á örveruensímum og vinna að því að stofnað verði héraðs á næstunni fyrir fyrirtæki sem framleiði hitaþolin ensím til útflutnings. Þegar hafa verið lögð drög að stofnun þróunarfyrirtækis til að hagnýta rannsóknirnar.

Niðurstöður rekstrar 1985 (í þús. kr.)

	Yfir- stjórn	Iðntækni- þjónusta	Nýiðnaðar- rannsóknir	Fræðslu- mál, samt.	Framleiðni átak	ITÍ Samtals
Laun og launat. gjöld ...	9.454	24.660	7.163	4.148	816	46.241
Rekstrargjöld	12.827	12.180	4.839	6.008	2.977	38.832
Stofnkostnaður	360	3.479	10.637	2.846	0	17.321
Samtals gjöld	22.641	40.319	22.639	13.002	3.793	102.394
Sértekjur	3.268	26.781	15:880	5.430	918	52.275
Ríkisframlag	18.814	15.780	6.900	7.849	5.000	54.343

Hlutfall sértekna af launum og rekstrarkostnaði er 51,1%.

Heildarfjöldi starfsmanna er um 65.

Framtíð

Til að geta sinnt hlutverki sínu þarf Iðntæknistofnun að hafa á að skipa góðum tækjakosti og hæfasta fólki sem völ er á, þannig að fyrirtæki leiti til stofnunarinnar um lausn þeirra viðfangsefna, sem starfsmenn þeirra ráða ekki við. Stærð stofnunarinnar leyfir ekki að til staðar sé sérfræðipækning á öllum þeim sviðum sem stofnunin á að sinna. Því verður að velja áherslusvið í samræmi við þarfir iðnaðarins hverju sinni. Jafnframt er mikilvægt að stofnunin sé í nánú samstarfi við innlend og erlend fyrirtæki og stofnanir til að geta leyst vandamál sem upp kunna að koma. Á næstu árum mun stofnunin leggja sérstaka áherslu á vöruþróun og innleiðslu nýrrar tækni með framleiðniaukningu í huga.

Vöruþróun er lykilatriði í þeim umskiptum sem framundan eru, frá framleiðslusinnuðum rekstri til markaðssinnaðs rekstrar. Vöruþróun á sér fyrst og fremst stað innan fyrirtækjanna. Starfsmenn Iðntæknistofnunar einbeita sér að því að kynna aðferðafræði vöruþróunar, aðstoða fyrirtæki við stýringu á vöruþróunarverkefnum og veita aðstoð við hönnun, frumgerðasmíði og tæknilegar útfærslur. Stofnunin stefnir að því að koma upp verkstæðum og rannsóknastofum fyrir vöruþróun á sem flestum sviðum.

Iðntæknistofnun mun einbeita sér að því að aðhæfa nýja tækni þörfum starfandi iðnaðar og þróa iðnað, sem byggist á nýrri tækni. Sjálfvirknideild er í samvinnu við Iðnþróunarsjóð að hefja verkefni um sjálfvirknivæðingu í matvæla-, efna- og málmiðnaði. Tæknibreytingar auka mikilvægi söfnunar, miðlunar og úrvinnslu upplýsinga. Stofnuninni ber að fylgjast með þeim nýjungum, sem fram koma, og miðla þeim til íslenskra fyrirtækja með útgáfustarfsemi, upplýsingaþjónustu, ráðgjöf og námskeiðahaldi.

RANNSÓKNASTOFNUN BYGGINGARIÐNAÐARINS

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins (Rb) starfar samkvæmt lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna frá 1965. Stofnunin er sjálfstæð og heyrir undir iðnaðarráðuneytið. Aðsetur stofnunarinnar er að Keldnaholti.

Stjórn

Samkvæmt ákvæðum 47. gr. laga nr. 64/1965 var stjórnin skipuð til fjögurra ára, frá 21. júní 1984.

Stjórnarmenn eru: Edgar Guðmundsson, verkfræðingur, formaður, Gunnar Björnsson, byggingameistari, og Halldór Jónsson, verkfræðingur.

Almenn starfsemi 1986

Forstjóri, skipaður af iðnaðarráðherra, er Hákon Ólafsson, verkfræðingur.

Við stofnunina eru 36 fastar stöðuheimildir og heimild til verkefnabundinna ráðninga. Á árinu störfuðu þannig 43 starfsmenn við stofnunina.

Starfsemin fer fram á eftirtöldum sviðum: Húsbyggingatækni, vegagerð — jarðtækni, steinsteypa, byggingarkostnaður, fræðsla — útgáfa, hagnýt jarðfræði.

Á öllum sviðum er unnið að rannsóknum, þjónustu og ráðgjöf, sem skilgreina má á eftirfarandi hátt:

Rannsóknir: vinna við verkefni sem oft eru skilgreind í samráði við hagsmunaaðila í atvinnulífinu og að hluta greidd af þeim.

Þjónusta: úttektir og efnisprófanir sem að öllu leyti eru unnar á kostnað verkbeiðanda.

Ráðgjöf: fræðsla og upplýsingagjöf í formi útgáfu rita og tækniblaða, greina, fyrirlestra og símsvörunar. Þessa þjónustu hefur stofnunin veitt endurgjaldslaust, að öðru leyti en því að rit og tækniblöð eru seld.

Skipting í ofantalda flokka miðað við vinnustundafjölda er þessi:

Rannsókn 28%

Þjónusta 37%

Ráðgjöf 35%

Fjöldi þjónusturannsókna stórra og smárra var á árinu u.þ.b. 1400.

Af rannsóknarverkefnum má nefna eftirfarandi:

Steinsteypa: Unnið var að 14 vel skilgreindum rannsóknarverkefnum, flest unnin fyrir og greidd af aðilum sem geta nýtt niðurstöður. Sem dæmi má nefna eftirtalin verkefni: Alkalívirkni í steinsteypu eftir 1979 — ástandskönnun, hitamyndun í steypu við hörðun, vikursteypur — ný notkunarvið (framhald), notkun og reynsla af múr-einangrunarkerfum og vatnsfælum á Norðurlöndum — yfirlitsskýrsla, múrblöndur — efniseiginleikar.

Húsbyggingatækni: Unnið var að 10 verkefnum, en þar af má t.d. nefna: Edol-kerfið (ný byggingaraðferð), rannsóknir á einangrunarefnum, gluggar og glerjun, þróun og smíði slagregnsskáps, einingahús — ástandskönnun, loftþéttleiki húsa (framh.), hljóðeinangrun milliveggja.

Vegagerð — jarðtækni: Á þessu sviði eru þjónustuverkefni hvað mest, en þau eru að miklu leyti fólgin í efnisprófunum á vegagerðar- og stífluefnum. Af rannsóknarverkefnum má nefna: Steinefni í bundin slitlög — tilraunakafar (framh.), könnun á hagkvæmni slitlaga (framh.), jarðtæknilegir eiginleikar grófra fylliefna — mælitækni.

Byggingarkostnaður: Starfsemi á deildinni hefur mest tengst útgáfu vísitalna byggingarkostnaðar fyrir mismunandi gerðir húsa, en þær eru gefnar út ársfjórðungslega sundurliðaðar samkvæmt kostnaðarkerfi Rb. Unnið er að nokkrum fleiri verkefnum auk ýmissa hagkvæmniathugana í tengslum við rannsóknarverkefni annarra deilda.

Hagnýt jarðfræði: Unnið er að eftirtöldum rannsóknum og þjónusturannsóknum: Berggreiningar, gæðaeftirlit, kortlagning vegna efnisleitar, námukannanir, smásjargreiningar, steypuefni og innri gerð steinsteypu.

Fræðsla — útgáfa: Árlega eru gefin út nokkur rit með niðurstöðum rannsóknarverkefna og eru þau á söluskrá yfir rit Rb. Einnig eru gefin út Rb-tækniblöð, 15—20 á ári, en áskrifendur að þeim eru u.þ.b. 1500.

Stofnunin sér um fjölda námskeiða fyrir byggingariðnaðinn í samvinnu við Fræðslumiðstöð iðnaðarins.

Rekstur	1986 (þús. kr.)	1985 (þús.kr.)
Tekjur:		
Frá ríkissjóði	25.746 48%	18.824 49%
Eigin tekjur Rb	27.851 52%	19.254 51%
	<hr/> 53.597	<hr/> 38.078
 Aukning á útistandandi kröfum milli ára	 2.377	
	<hr/> 51.220	
Útgjöld:		
Laun og launatengd gjöld	32.778	24.574
Rekstrargjöld	14.746	11.187
Gjaldfærður stofnkostnaður	3.696	2.317
	<hr/> 51.220	<hr/> 38.078

Af þessu sést að eigin tekjur eru yfir 50% af veltu.

Norrænt samtarf

Stofnunin hefur góð tengsl við systurstofnanir á Norðurlöndum og tekur þátt í samstarfi á verkefnagrundvelli aðallega innan NBS og Nordtest, en einnig hefur stofnunin tekið þátt í verkefnum, sem styrkt eru af Norræna iðnaðarsjóðnum.

JARÐVARMAVEITUR RÍKISINS

Uppruna Jarðvarmaveitna ríkisins (JVR) er að rekja til laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, nr. 80/1966, en þar segir m.a. að ríkisstjórninni sé heimilt „að nýta jarðhitasvæðið við Námaskarð í þágu hitaveitu er ríkisstjórnin lætur reisa og reka og m.a. skal gegna því hlutverki að selja kísilgúrverksmiðjunni jarðhita til reksturs síns“.

Með bréfi, dags. 26. september 1967, fól iðnaðarráðherra Orkustofnun á grundvelli fyrrgreindra laga að annast byggingu og rekstur jarðhitaveitunnar.

Í lögum um Þörungavinnsluna h.f. á Reykhólum nr. 107 frá 27. desember 1973 er að finna hliðstætt ákvæði um að ríkið taki að sér að sjá þeirri verksmiðju fyrir heitu vatni frá jarðhitasvæði í eigu ríkisins á Reykhólum. Þetta hlutverk fól ráðuneytið Orkustofnun einnig að annast.

Sú starfsemi, sem iðnaðarráðuneytið fól Orkustofnun að annast í Bjarnarflagi og á Reykhólum, gengur undir nafninu Jarðvarmaveitur ríkisins, sem eru B-hluta fyrirtæki á fjárlögum. Orkustofnun annast rekstur fyrirtækisins, sem hefur sjálft enga starfsmenn heldur kaupir alla þjónustu af Jarðhitadeild Orkustofnunar og öðrum aðilum.

Starfsemin á Reykhólum var frá upphafi lítil að umfangi, borið saman við þá í Bjarnarflagi, og mun einfaldari á allan hátt (lághitavatn á Reykhólum; háhitagufa í Bjarnarflagi). Jarðvarmaveiturnar hafa því fyrir nokkrum árum gert samkomulag við Þörungavinnsluna um að annast rekstur hitaveitunnar til verksmiðjunnar á eigin kostnað og fær verksmiðjan heita vatnið fyrir verð sem samsvarar þeim kostnaði.

Meginverkefni Jarðvarmaveitna ríkisins er því framkvæmd ákvæðis í samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Kísiliðjunnar h.f. um sölu jarðgufu til kísilgúrvinnslu. Í þessu skyni á fyrirtækið borholur í Bjarnarflagi á Námafjallssvæði og rekur þar gufuveitu. Jarðvarmaveitur ríkisins hafa einnig selt gufu til gufuaflstöðvar Landsvirkjunar í Bjarnarflagi. Auk þess annast Jarðvarmaveitur ríkisins varma- og vatnsöflun fyrir Hitaveitu Reykjahlíðar og Voga í samræmi við samning ríkisins við landeigendur jarðanna Reykjahlíðar og Voga.

Rekstur

Jarðvarmaveiturnar seldu Kísiliðjunni 241 þús. tonn af gufu á árinu. 230 þús. tonn voru seld á meðaleiningarverðinu 44,96 kr/tonn, en afgangurinn með 25% afslætti skv. ákvæðum í sölusamningi, þannig að meðalverðið miðað við heildarsölu var 41,50 kr/tonn.

Heildartekjur af gufusölu til Kísiliðjunnar námu 10,1 M.kr. og nýtanlegur varmi 134 GWh, þannig að meðalverð varmans var 7,5 aurar á KWh á árinu 1986.

Jarðvarmaveitur ríkisins sáu um framkvæmdir á vegum iðnaðarráðuneytisins við endurbyggingu Hitaveitu Reykjahlíðar og Voga við Mývatn. Á árinu 1986 var framkvæmdum að fullu lokið.

Rekstur gufuveitunnar í Bjarnarflagi hefur gengið mjög vel á undanförunum árum. Hallann á rekstri Jarðvarmaveitna ríkisins má einfaldlega rekja til skemmda á mannvirkjum þeirra í Bjarnarflagi af völdum eldsumbrota. Í umbrotum eyðilögðust allar borholur gufuveitunnar og varð að bora tvær nýjar holur. Til þeirra framkvæmda voru tekin lán sem fyrirtækinu hefur verið ókleift að standa skil á þar sem engar tjónabætur hafa komið til.

Fyrirtækið hefur að fullu staðið við lánaskuldbindingar vegna allra annarra framkvæmda frá upphafi og lauk öllum greiðslum af þeim lánnum á árinu 1986.

Samið var við Landsvirkjun á árinu 1986 um greiðslur fyrir tengingu við gufuveitu JVR frá þeim tíma er fyrri samningur um gufusölu rann út um mitt ár 1984 til ársloka 1986. Nam sú greiðsla með verðbótum rúmum 12 M.kr. Með lögum nr. 102 frá 31. desember 1985 var samþykkt heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Kröfluvirkjun í Suður-Pingeyjarsýslu. Í þeim lögum er ríkisstjórninni ennfremur heimilað „að selja til Landsvirkjunar eignir Jarðvarmaveitna ríkisins við Bjarnarflag og Námaskarð ásamt rétti til virkjunar og hagnýtingar jarðhitaorku á því svæði...“. Landsvirkjun keypti eigur Jarðvarmaveitna í Bjarnarflagi á árinu og fór afhending þeirra fram um áramótin 1986/1987. Kaupverðið var 120 M.kr. miðað við lánskjaravísitölu aprílmánaðar 1985 en miðað við vísitölu 1. janúar 1987 var kaupverðið uppfært 169,7 M.kr., en það ásamt rúmum 20 M.kr. í peningum, sem skilað var í ríkissjóð, er nokkru hærra en bókfærðar skuldir Jarðvarmaveitnanna. Jarðvarmaveitur ríkisins voru lagðar niður 31. desember 1986, samkvæmt bréfi iðnaðarráðherra.

Með sölu þessara eigna var meginhlutverki Jarðvarmaveitna ríkisins lokið, en þær hafa annast ýmsar framkvæmdir við byggingu og rekstur jarðhitaveitna, í samræmi við fyrirmæli iðnaðarráðherra. Framkvæmdir þessar voru ákveðnar í lögum og tók ríkið þá á sig ákveðnar skuldbindingar um orkuafhendingu. Á tuttugu ára ferli reistu og ráku Jarðvarmaveitur ríkisins eftirfarandi jarðhitamannvirki.

1. Gufuveitu og gufustöð í Bjarnarflagi fyrir Kísiliðjuna h.f.
2. Gufuveitu fyrir Kröfluvirkjun.
3. Gufuveitu í Ölfusdal fyrir Hitaveitu Hveragerðis.
4. Hitaveitu fyrir Þörungaverksmiðjuna að Reykhólum.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok:

	1986	1985	1984
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.
Rekstrartekjur	22.410	11.124	11.763
Rekstrargjöld	(2.864)	(3.172)	(3.194)
Fjármagnsgjöld	(9.672)	(9.854)	(11.374)
Afskriftir	(20.182)	(15.677)	—
Hagnaður (tap)	(10.308)	(17.597)	(2.805)
Eignir	94.114	78.157	69.199
Skuldir	(169.387)	(159.253)	(134.237)
Eigið fé (neikvætt)	(75.273)	(81.096)	(65.038)

IÐNÞRÓUNARSJÓÐUR

Iðnþróunarsjóður var stofnaður með lögum nr. 9 frá 13. febrúar 1970 á grundvelli sérstaks samnings milli ríkisstjórnna Norðurlandanna. Stofnfé sjóðsins nam jafnvirði 14 millj. USD.

Tilgangur sjóðsins hefur verið að stuðla að tækni- og iðnþróun Íslands við aðild landsins að EFTA og auðvelda aðlögun iðnaðarins að breyttum markaðsaðstæðum, stuðla að þróun útflutningsiðnaðar og leggja áherslu á aukið samstarf á sviði iðnaðar og viðskipta milli Íslands og annarra Norðurlanda.

Með lögum frá árinu 1985 er verksvið sjóðsins víkkað. Samkvæmt þeirri breytingu skal tilgangur sjóðsins vera að stuðla að uppbyggingu alhliða og samkeppnishæfs atvinnulífs á Íslandi, með megináherslu á tækni- og iðnþróun. Þá er gert ráð fyrir sveigjanlegri lánskjörum og heimilað að taka lán í öðrum gjaldmiðlum en USD og endurlána þau í sama gjaldmiðli.

Lán, sem eru veitt af eigin fé sjóðsins, má veita í öðrum gjaldmiðlum og er fyrst og fremst miðað við USD, DEM og GBP, en í sérstökum tilvikum, eins og t.d. þegar viðskipti lántaka tengjast öðrum gjaldmiðlum, má miða við aðrar myntir. Loks gera lögin ráð fyrir heimild til kaupa og sölu hlutabréfa með vissum takmörkunum sem bundnar eru í reglugerð. Þessi breyting á lögum sjóðsins tók gildi í maí 1986.

Stjórn og framkvæmdastjórn

Samkvæmt lögum Iðnþróunarsjóðs hefur sjóðurinn sérstaka stjórn og framkvæmdastjórn. Stjórnin er skipuð 5 aðalmönnum og 5 varamönnum, einum frá hverju Norðurlandanna.

Iðnaðarráðherra skipar fulltrúa Íslands í stjórn sjóðsins til þriggja ára svo og einn varamann. Skipaðir til þriggja ára frá 12. mars 1985 að telja eru:

Jóhannes Nordal, seðlabankastjóri, aðalmaður og Friðrik Sophusson, iðnaðarráðherra, varamaður.

Í framkvæmdastjórninni eiga sæti fjórir fulltrúar íslenskra viðskiptabanka, einn fulltrúi Iðnlánasjóðs og framkvæmdastjóri sjóðsins. Formaður framkvæmdastjórnar er Ragnar Öndurson, bankastjóri Iðnaðarbankans h.f.

Lánskjör

Samkvæmt lögum sjóðsins eru lán að fullu gengistryggð og er fyrst og fremst miðað við USD, DEM og GBP. Vextir útlána, sem eru gengistryggð gagnvart USD, lækkuðu á árinu úr 11% í 8,25% í árslok 1986. Vextir lána gengistryggðra gagnvart DEM voru ákveðnir 7% frá 1. september, en höfðu lækkað í 6,5% í lok ársins. Vextir lána gengistryggðra gagnvart GBP voru ákveðnir 12% frá 1. september, en höfðu hækkað í 12,5% í lok ársins.

Starfsemi á árinu 1986

Á árinu 1986 voru til afgreiðslu 78 umsóknir um fjárfestingarlán samtals að fjárhæð 576 M.kr., og voru samþykkt 57 ný lán á árinu að fjárhæð 243 M.kr., en útborguð lán námu um 360 M.kr. Heildarútlán sjóðsins námu um 1.700 M.kr. í árslok 1986.

Í lögum sjóðsins er gert ráð fyrir að ráðstafa megi nokkru fjármagni til lánveitinga með sérstökum kjörum. Lán þessi eru óverðtryggð og voru vextir af þeim 15,5% í lok ársins. Veitt eru lán til vel skilgreindra verkefna, sem stuðla að nýsköpun í iðnaðarframleiðslu og erlendri markaðsöflun. Ef um er að ræða áhættusamt verkefni getur framkvæmdastjórn sjóðsins breytt lánnum þessum í óafturkræf framlög leiði verkefnið ekki til arðbærs árangurs.

Á árinu 1986 voru veitt 10 lán til vöruþróunar og markaðsmála að fjárhæð 9,8 M.kr.

Í lögum Iðnþróunarsjóðs er heimilað að ráðstafa nokkru fé til styrkveitinga og er lögð áhersla á að um sé að ræða verkefni sem hafi almenna þýðingu fyrir einstakar atvinnugreinir, sérstaklega í iðnaði.

Á árinu voru samþykktir 8 styrkir að fjárhæð 8 M.kr. Stærstum hluta þessara styrkja var varið til útflutningsmála og má þar helst nefna 1,8 M.kr. styrk vegna verkefnis er hófst 1984 og miðar að því að leiðbeina fyrirtækjum við skipulagningu og starfsaðferðir við sókn á erlenda markaði. Þá voru veittir styrkir að fjárhæð 3,8 M.kr. til þess að standa straum af kostnaði við starf viðskiptafulltrúa á vegum Útflutningsráðs Íslands í New York, veittar voru 1,5 M.kr. til að koma á fót Útflutningsskóla Íslands og 1,7 M.kr. fóru til verkefnis sem nefnist „Ný tækni í iðnaði“ og unnið er í samstarfi við Iðntæknistofnun Íslands í þeim tilgangi að auka sjálfvirkni í iðnaði.


Endurgreiðsla stofnfjár

Í stofnsamningi segir að frá 10. ári skuli eftir nánari ákvörðun stjórnar Iðnþróunarsjóðs endurgreiða vaxtalaust í áföngum á næstu 15 árum stofnframlög Svíþjóðar, Noregs, Danmerkur og Finnlands að upphæð 13,5 milljón USD. Endurgreiðsla stofnframlaga á árinu 1986 nam 480 þús. USD og námu heildarendurgreiðslur stofnfjár 1.940 þús. USD í árslok 1986.

Lántökur

Í apríl 1986 var undirritaður samningur við Norræna fjárfestingarbankann (NIB) um lán að fjárhæð 92,8 M.kr. og kom lánið til útborgunar á árinu. Heildarlántökur sjóðsins námu 355 M.kr. í árslok 1986.

Skipting útlána á atvinnugreinar



Starfsaðstaða

Samkvæmt ákvæðum laga um Iðnþróunarsjóð veitir Seðlabanki Íslands sjóðnum nauðsynlega starfsaðstöðu og er aðsetur sjóðsins í húsnæði Seðlabanka Íslands. Bankinn veitir sjóðnum ýmiss konar þjónustu, svo sem við innheimtu lána, lögfræðiaðstoð o.fl. Fastir starfsmenn sjóðsins eru nú, auk framkvæmdastjóra, þrír fulltrúar og einn ritari.

Rekstur og efnahagur

Eftirfarandi yfirlit sýnir niðurstöður rekstrar- og efnahagsreikninga árin 1984, 1985 og 1986 (í þús. kr.):

	1986	1985	1984
Fjármunatekjur	256.963	246.700	531.658
Fjármagnsgjöld	(118.096)	(86.851)	(429.042)
Rekstrarkostnaður	(13.191)	(9.305)	(7.058)
Greiddir styrkir	(11.122)	(9.439)	(4.982)
Lagt á afskr.reikn. útl.	(9.380)	(15.574)	—
Hagnaður	105.174	125.531	90.576
Eignir	1.952.331	1.945.830	1.590.086
Skuldir	(465.633)	(482.148)	(283.957)
Eigið fé	1.486.698	1.463.682	1.306.129
— Stofnframlag	486.018	528.185	525.364
— Óráðstafað eigið fé	1.000.680	935.497	780.765

Horfur árið 1987

Í júlilok voru komnar inn umsóknir að fjárhæð 743 M.kr., en voru til samanburðar 483 M.kr. allt árið 1986.

Búast má við að um sótt lán á árinu 1987 verði yfir 1.000 M.kr. Lántökur á árinu 1987 nema væntanlega 300 til 400 M.kr.

Vextir á útlánum Iðnþróunarsjóðs, sem tóku gildi 1. ágúst 1987, eru eftirfarandi:

USD vextir p.a.	9,25%	breytilegir
DEM vextir p.a.	6,75%	breytilegir
GBP vextir p.a.	11,00%	breytilegir
DKK vextir p.a.	12,00%	breytilegir

Ákveðið hefur verið að veita styrk að upphæð 10 M.kr. á næstu tveim árum til þess að hvetja fyrirtæki til aukinnar sjálfvirknivæðingar. Verkefnið verður undir stjórn Iðntækni-stofnunar í samstarfi við Iðnþróunarsjóð.

Þá hefur verið ákveðið að Iðnþróunarsjóður beiti sér fyrir stofnun öflugs fjárfestingar-félags sem hafi m.a. að markmiði að ýta undir tímabæra þróun hlutabréfamarkaðar.

LANDSVIRKJUN

Landsvirkjun var stofnuð 1. júlí 1965 sem sameignarfyrtæki ríkisins og Reykjavíkur samkvæmt lögum nr. 59 frá 11. maí 1965 og skiptist eignaraðildin til helminga. Við sameiningu Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar hinn 1. júlí 1983 varð Akureyri eigandi Landsvirkjunar ásamt ríkinu og Reykjavík. Síðan hefur eignarhlutur ríkisins í Landsvirkjun verið áfram 50%, Reykjavíkur 44,525% og Akureyrar 5,475%.

Núgildandi lög um Landsvirkjun eru nr. 42 frá 23. mars 1983.

Iðnaðarráðherra staðfesti núgildandi reglugerð fyrir Landsvirkjun, nr. 760/1983, hinn 16. nóvember 1983 og tók hún gildi 30. nóvember 1983.

Yfirlit 1986

Rafmagnsvinnsla Landsvirkjunar nam alls 3.787 GWst á árinu 1986. Þar af nam rafmagnssalan 3.627 GWst og töp og eigin notkun 160 GWst, sem er 4,2% af rafmagnsvinnslunni í heild. Þetta er sama hlutfall og var árið áður. Rafmagnssalan skiptist þannig að í hlut almenningsveitna féllu 1.576 GWst eða 43,5% og í hlut stóriðju 2.051 GWst eða 56,5%. Rafmagnssalan til almenningsveitna jókst á árinu um 28 GWst eða 1,8% og til stóriðju um 133 GWst eða 7,0%. Alls nam aukningin 161 GWst eða 4,6%.

Á árinu yfirtók Landsvirkjun Kröfluvirkjun til eignar og reksturs og Hitaveita Suðurnesja varð kaupandi að rafmagni frá Landsvirkjun. Þar með féllu niður kaup Landsvirkjunar á rafmagni frá þessum aðilum.

Meðalrennsli Laxár í Aðaldal, Sogsins og Þjórsár við Búrfell var undir meðallagi árána 1960—1985. Af þessum ástæðum og vegna aukningar rafmagnsframleiðslu var miðlað meira úr Þórisvatni en dæmi eru til um. Þrátt fyrir þetta reyndist vatnsbúskapur á Þjórsársvæðinu allsæmilegur og má þakka það tilkomu Kvíslaveitu.

Gjaldskrá Landsvirkjunar hækkaði um 14% hinn 1. janúar, en var síðan lækkuð um 10% hinn 1. mars. Var það gert í kjölfar nýrra kjarasamninga og með hliðsjón af þeirri stefnu í efnahagsmálum sem þá var mörkuð og gerði ráð fyrir verulegri hjöðnun verðbólgu og stöðugu gengi. Meðalverð ársins til almenningsveitna hækkaði um 5,5% frá meðalverði fyrra árs, en lækkaði að raungildi um 15,7%. Gjaldskrárverð Landsvirkjunar lækkaði á árinu um 12% að raungildi og hafði þá í árslok lækkað um 40% að raungildi frá því um haustið 1983, er það var í hámarki.

Meðalverð ársins til ÍSALs og Áburðarverksmiðjunnar stóð nokkurn veginn í stað miðað við árið á undan, en hækkaði um 12,6% til Íslenska járnblendifélagsins h.f. Er hér miðað við verð í íslenskum krónum að teknu tilliti til gengisbreytinga.

Framkvæmdum við Blönduvirkjun miðaði samkvæmt áætlun og var að mestu lokið við að grafa jarðgöng virkjunarinnar og stöðvarhússhellinn. Í stöðvarhúsinu voru settir upp stöðvarhússkranar og varaloku komið fyrir í botnrás Blöndustíflu. Í samræmi við gildandi orkusþá er stefnt að því að gangsetja fyrstu vél virkjunarinnar 1991.

Virkjanarannsóknir Landsvirkjunar voru í lágmarki á árinu eins og árið á undan.

Í samræmi við samning Landsvirkjunar og ríkisstjórnar Íslands frá 26. júlí 1985 um kaup Landsvirkjunar á Kröfluvirkjun gerðu sömu aðilar samning hinn 17. september 1986 um kaup Landsvirkjunar á eignum Jarðvarmaveitna ríkisins í Bjarnarlagi í Skútustaðahreppi. Með þeim samningi tókst Landsvirkjun á hendur skuldbindingar til afhendingar á gufu og heitu vatni til Kísiliðjunnar h.f. við Mývatn og annarra notenda á svæðinu. Hinn 31. desember 1986 var síðan gerður gufusölusamningur milli Landsvirkjunar og Kísiliðjunnar h.f. og þar með fullnægt skilyrði í fyrrnefndum kaupsamningi fyrir því, að Landsvirkjun yfirtæki framangreindar eignir frá og með 1. janúar 1987. Yfirtöku þeirra fylgir réttur fyrir Landsvirkjun til nýtingar á allt að 50 kg af gufu á sekúndu á jarðhitasvæðinu við Bjarnarlag

og Námafjall. Auk þess er Landsvirkjun veittur réttur til að yfirfæra ónýtt jarðhitaréttindi af Kröflusvæðinu til Bjarnarflags og öfugt.

Með kaupum Landsvirkjunar á Kröfluvirkjun og eignum Jarðvarmaveitna ríkisins í Bjarnarflagi hefur sú stefna verið mörkuð að starfsemi fyrirtækisins taki ekki aðeins til virkjunar vatnsaflsins og rekstrar vatnsorkuvera, heldur einnig til nýtingar jarðhitans og rekstrar á jarðhitasvæðinu.

Afkoma Landsvirkjunar 1986

Rekstrartekjur Landsvirkjunar námu alls um 3.026 milljónum króna og rekstrargjöld um 3.018 milljónum króna. Vextir og afskriftir voru sem fyrr stærstu gjaldaliðirnir, alls um 2.371 milljón króna eða 78,6% gjaldanna í heild.

Rekstrarafgangur á árinu 1986 nam því aðeins um 8 milljónum króna samanborið við 253 milljónir árið áður. Er þetta þriðja árið í röð sem rekstrarafkoman reynist jákvæð eftir að hafa verið óhagstæð um 6 ára skeið.

Eigið fé Landsvirkjunar jókst á árinu um 1.220 milljónir króna vegna endurmats eigna og tekjuafgangs og nam í árslok um 12.200 milljónum króna, að jafnvirði um 303 milljónum bandaríkjadala. Er eigið fé fyrirtækisins um 34,3% af heildareign, miðað við árslok 1986.

Yfirstjórn

Samkvæmt lögum um Landsvirkjun er stjórn fyrirtækisins skipuð til fjögurra ára í senn. Frá 1. júlí 1983 til 1. júlí 1987 sátu í stjórninni eftirtaldir menn:

Formaður	Jóhannes Nordal.
Kosnir af Alþingi	Árni Grétar Finnsson Baldvin Jónsson Böðvar Bragason Ólafur Ragnar Grímsson
Kosnir af borgarstjórn Reykjavíkur:	Birgir Ísleifur Gunnarsson Davíð Oddsson Kristján Benediktsson
Kosinn af bæjarstjórn Akureyrar:	Valur Arnþórsson

Hinn 1. júlí 1987 urðu þær breytingar á skipan stjórnarinnar að úr stjórninni gengu þeir Baldvin Jónsson, Böðvar Bragason og Valur Arnþórsson. Í stað þeirra komu þeir Hafsteinn Kristinsson, Páll Pétursson og Gunnar Ragnars.

Framkvæmdastjórn skipa eftirtaldir menn:

Forstjóri: Halldór Jónatansson

Aðstoðarforstjóri: Jóhann Már Maríusson

Forstöðumenn deilda:

Aðalskrifstofa: Örn Marinósson

Byggingardeild: Páll Ólafsson

Rekstrardeild: Guðmundur Helgason

Svæðisskrifstofa Norður- og Austurlands: Knútur Otterstedt

Tækniþróunardeild: Elías B. Elíasson

Verkfræðideild: Agnar Olsen

Meðfylgjandi eru töflur er sýna rafmagnsöflun og rafmagnssölu árin 1985 og 1986, verðlagningu og yfirlit um starfsmannahald fyrirtækisins á árinu 1986.

**GJALDSKRÁ LANDSVIRKJUNAR TIL
ALMENNINGSRAFVEITNA 1986**

	01.01.-28.02.	01.03.-31.12.
Förgangsrafmagn:		
Aflgjald, krónur á ánskW	3.695,78	3.326,20
+ Orkugjald, aurar á kWst:		
Fyrir fyrstu notkun allt að 2.500 klst. nýtingartíma á ári	117,8	106,0
Fyrir notkun milli 2.500 og 4.000 klst. nýtingartíma á ári	68,6	61,7
Fyrir notkun umfram 4.000 klst. nýtingartíma á ári	32,3	29,1
Ótryggt rafmagn:		
Orkugjald (eingöngu), aurar á kWst	24,3	21,9

Fjöldi starfsmanna í föstum störfum

	1986	1985
Yfirstjórn og tæknideildir	68	68
Kerfisstjórn, spennistöðvar og háspennulínur	40	37
Aflstöðvar	103	84
	211	189

Lausráðnir starfsmenn

	1986	1985
Ársverk	68	87
	279	276

Landsvirkjun yfirtók Kröflustöð 1. janúar 1986 og er það meginskýring fjölgunar starfsmanna í föstum störfum. Samdráttur í framkvæmdum á vegum Landsvirkjunar hefur haft í för með sér verulega fækkun ársverka lausráðinna starfsmanna.

RAFMA GNSÖFLUN

	1986		1985	
	GWst	MW	GWst	MW
Rafmagnsvinnsla	3.786,5	592,0	3.452,6	526,0
Vatnsorka	3.635,6	564,0	3.452,6	526,0
Jarðvarmaorka	150,9	28,0	0,0	0,0
Eldsneytisorka	0,0	0,0	0,0	0,0
Rafmagnskaup	0,0	0,0	164,4	35,3
Frá Hitaveitu Suðurnesja	0,0	0,0	31,1	7,5
Frá Kröfluvirkjun	0,0	0,0	133,3	27,8
Heildarrafmagnsöflun	3.786,5	592,0	3.617,0	561,3

RAFMA GNSSALA

	1986				1985			
	Förg. GWst	Afg. eða ótr. orka GWst	Alls GWst	MW	Förg. GWst	Afg. eða ótr. orka GWst	Alls GWst	MW
Til almenningsrafveitna	1.479,4	96,9	1.576,3	-	1.462,2	86,5	1.548,7	-
Rafmagnsveitin Reykjavíkur	531,6	-	531,6	98,5	501,3	-	501,3	93,9
Rafmagnsveitna ríkisins	626,6	36,5	663,1	118,4	750,2	34,7	784,9	138,0
Rafveitu Hafnarfjarðar	46,4	-	46,4	8,6	46,1	-	46,1	8,4
Orkubús Vestfjarða	80,9	49,6	130,5	26,1	69,5	41,3	110,8	24,6
Rafveitu Akureyrar	96,1	10,8	106,9	20,7	95,1	10,5	105,6	20,2
Hitaveitin Suðurnesja	97,8	-	97,8	17,0	-	-	-	-
Til stóriðju	1.676,2	374,3	2.050,5	-	1.624,8	292,4	1.917,2	-
Áburðarverksmiðju ríkisins	144,8	-	144,8	22,1	135,9	-	135,9	22,2
ISAL	1.275,2	25,5	1.300,7	165,0	1.232,2	-	1.232,2	155,0
Íslenska járnblendifélagið	256,2	348,8	605,0	80,0	256,7	292,4	549,1	79,2
Heildarrafmagnssala	3.155,6	471,2	3.626,8	-	3.087,0	378,9	3.465,9	-
Töp og eigin notkun			159,7				151,1	

HITAVEITA SUÐURNESJA

Hitaveita Suðurnesja var stofnuð með lögum nr. 100 frá 31. desember 1974. Á þeim hafa síðan verið gerðar breytingar og viðbætur með lögum nr. 26 frá 9. maí 1980, nr. 91 frá 20. maí 1984 og nr. 101 frá 31. desember 1985.

Rekstur Hitaveitu Suðurnesja 1986

Dreifikerfi Hitaveitu Suðurnesja nær nú til allra sveitarfélaga á Suðurnesjum auk Keflavíkurflugvallar. Einfalt dreifikerfi er í öllum sveitarfélögunum, en á svæði Keflavíkurflugvallar er tvöfalt lokað dreifikerfi, þ.e. vatnið kemur aftur til endurnýtingar.

Heildarvatnsmagn, er selt var í lok ársins, nam 28.634 lítrum á mínútu og keypti Keflavíkurflugvöllur u.þ.b. 53,1%. Búist er við um 2% söluaukningu næstu árin, aðallega vegna fólksfjölgunar á svæðinu. Þá voru seld um mæla 210.139 tonn auk 152.594 tonna til laxeldis.

Helstu fjárfestingar

Í orkuveri — plötuhitari o.fl.	4.5 M.kr.
Stofnæðar, dælustöðvar og geymar hitaveitu	6.3 M.kr.
Dreifikerfi hitaveitu	13.9 M.kr.
Stofnlínur rafmagns	11.5 M.kr.
Aðveitustöðvar rafmagns	10.8 M.kr.
Dreifikerfi rafmagns	20.5 M.kr.
Gatnalýsing	8.0 M.kr.
Samtals	75.5 M.kr.
Húsnæðis kaup og tilh.	20.9 M.kr.
Rannsóknir Svartsengi o.fl.	5.2 M.kr.
Baðhús við Bláa lónið	10.5 M.kr.
Verkfæri, áhöld, innréttingar	8.7 M.kr.
Bifreiðar, vinnuvélar	3.2 M.kr.
Samtals	48.5 M.kr.
Samtals	124.0 M.kr.

Á árinu varð, eins og 1985, hagnaður á rekstri fyrirtækisins og rann hann til jöfnunar á tapi fyrri ára, en eigið fé er í árslok, að frádrögnum stofnframlögum, neikvætt um 636,9 M.kr. Aðalástæðan fyrir þessari útkomu er, eins og árið áður, hagstæð þróun gengis bandaríkjadals miðað við almennar verðlagsbreytingar innanlands. Vegna þessa mikla misvægis voru því færðar í gengisjöfnunarreikning 254,5 M.kr. og standa þá í árslok, eftir afskriftir og endurmat, 205,7 M.kr. í gengisjöfnunarreikningi. Afskriftir námu á árinu alls um 195 M.kr. og hafa þá alls verið afskrifaðar 1.109 M.kr. eða 30,36% bókfærðs heildarverðs í árslok.

Staða skv. rekstrarreikningi og efnahagsreikningi í árslok:

	1986 (í þús. kr.)	1985 (í þús. kr.)	1984 (í þús. kr.)
Rekstrartekjur	665.041	539.073	279.289
Rekstrargjöld	(463.517)	(308.919)	(142.481)
Fjármagnsgjöld (nettó)	(66.402)	(144.458)	(211.260)
Hagnaður (tap)	135.122	85.696	(74.452)

	1986 (í þús. kr.)	1985 (í þús. kr.)	1984 (í þús. kr.)
Eignir	2.786.075	2.467.691	1.584.191
Skuldir	(1.938.480)	(2.063.497)	(1.834.669)
Gengisjöfnunarreikningur	(205.697)		323.066
Eigið fé	641.898	404.194	72.588

Starfsmenn Hitaveitunnar í árslok 1985 voru 69 og var það fjölgun um 8 á árinu, aðallega í rafmagnsdeild vegna mikilla verkefna.

Rekstrarhorfur fyrir árið 1987

Gert er ráð fyrir svipuðum rekstrarhagnaði á árinu og 1986 en greiðslustaðan er erfið vegna mikilla afborgana af lánum, alls um 240 M.kr. (voru 147 M.kr. 1986). Engar nýjar lántökur verða á árinu. Afborganir verða síðan óbreyttar fram til 1992, stórlækka þá, miðað við núverandi skuldbindingar fyrirtækisins.

Gert er ráð fyrir fjárfestingum að upphæð rúmlega 80 M.kr. sem skiptast þannig:

Rafmagnsdeild — aðveitukerfi, dreifikerfi o.fl.	52,6 M.kr.
Hitaveitudreifikerfi	18,0 M.kr.
Rannsóknir o.fl.	3,5 M.kr.
Áhöld, vélar o.fl.	7,5 M.kr.
	<hr/>
	81,6 M.kr.

Á árinu 1988 þarf síðan fjárfestingar í hitaveitu (ný æð að flugstöð o.fl.) fyrir um 100 M.kr. og í rafmagni (lína Grindavík-Fitjar og aðveitustöð auk almennra framkvæmda) 160—180 M.kr. Þá er fyrirhuguð strompgufuvirkjun í Svartsengi á árinu sem kostar um 200—230 M.kr.

Stjórn

Í samræmi við lög nr. 101 frá 31. desember 1985 tók ný stjórn við 1. ágúst 1986 og var hún þannig skipuð:

Formaður: Finnbogi Björnsson, fulltrúi Gerðahrepps.

Varaformaður: Jóhann Einvarðsson, fulltrúi iðnaðarráðuneytis.

Ritari: Ólafur Thordersen, fulltrúi Njarðvíkurbæjar.

Meðstjórnendur: Hannes Einarsson, fulltrúi Keflavíkurbæjar. Jón Gunnar Stefánsson, fulltrúi Grindavíkurbæjar. Ólafur G. Einarsson, fulltrúi fjármálaráðuneytis. Ómar Jónsson, fulltrúi Vatnsleysustrandarhrepps. Stefán Jón Bjarnason, fulltrúi Miðneshrepps. Þórarinn St. Sigurðsson, fulltrúi Hafnahrepps.

Á aðalfundi H.S. 27. mars voru fulltrúar ríkisins í stjórninni tilnefndir áfram til næsta árs og er því stjórnin óbreytt til næsta aðalfundar.

Eftirtaldir menn veita nú fyrirtækinu forstöðu:

Forstjóri: Ingólfur Aðalsteinsson.

Framkvæmdastjóri fjármálasviðs: Júlíus Jónsson.

Framkvæmdastjóri tæknisviðs: Albert Albertsson.

ÞRÓUNARSJÓÐUR LAGMETISIÐNAÐARINS

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins var stofnaður samkvæmt lögum frá 26. maí 1972 og starfar nú eftir endurnýjuðum lögum nr. 58 frá 1981 og reglugerð nr. 175 frá 1984. Hlutverk hans er að efla lagmetisiðnaðinn, m.a. með því að stuðla að tæknilegri uppbyggingu, þróun vinnsluaðferða og markaðsöflun erlendis með lánum og styrkjum.

Þróunarsjóðurinn hefur sérstaka stjórn undir yfirstjórn iðnaðarráðherra, sem skipar formann án tilnefningar og fjóra samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Sölustofnunar lagmetis, Iðntæknistofnunar Íslands, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og sjávarútvegsráðherra með hliðsjón af ábendingu SÍF. Sölustofnun lagmetis er þjónustuaðili sjóðsins, en hann er varðveittur í Iðnaðarbanka Íslands

Helstu niðurstöður úr rekstri Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins á árinu 1986 eru sem hér segir:

Tekjur voru:

- 1% af útfluttu lagmeti þ.e. 49% af útflutningstekjum, en var 72% 1986
- 3% af söltuðum matarhrognum þ.e. 30% af útflutningstekjum, en var 20% 1986
- 3% af frystum þorskhrognum þ.e. 21% af útflutningstekjum, en var 8% 1986

Heildartekjur sjóðsins voru 23.988 M.kr., og að frádrögnum gjöldum ásamt styrkjum og lánum varð rekstrarafgangur 10.617 M.kr.

Á árinu voru veitt lán og styrkir til verksmiðja til tæknilegrar uppbyggingar og þjónustustarfa sem nam 4.664 M.kr. Til Sölustofnunar lagmetis voru veittir styrkir til markaðsmála og umbúðaþróunar að upphæð 11.289 M.kr.

Eigið fé Þróunarsjóðs var í árslok 1986 46.556 M.kr., en var í árslok 1985 35.072 M.kr.

Stjórn Þróunarsjóðs var svo skipuð til maí 1986:

Heimir Hannesson, formaður	Þórður Jónsson, til vara
Ingjaldur Hannibalsson	Rögnvaldur Gíslason, til vara
Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson	Gunnar Flóvenz, til vara
Rögnvaldur Einarsson	Björn Guðjónsson, til vara
Theodór S. Halldórsson	Haraldur Gíslason, til vara

Mannabreytingar urðu í stjórn í maí 1986 og var stjórnin skipuð þessum mönnum til ársloka 1986.

Guðni Jónsson, formaður	Halldór J. Kristjánsson, til vara
Theodór S. Halldórsson	Haraldur Gíslason, til vara
Páll Kr. Pálsson	Rögnvaldur S. Gíslason, til vara
Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson	Gunnar Flóvenz, til vara
Þórarinn Þ. Jónsson	

1. desember 1986 tók gildi samningur milli Þróunarsjóðs og Iðnaðarbanka Íslands h.f. um að bankinn annaðist daglegan rekstur sjóðsins. Gísli Benediktsson tók frá og með þeim degi við framkvæmdastjórn Þróunarsjóðs. Sölustofnun lagmetis annaðist fyrir þann tíma daglegan rekstur sjóðsins.

Í janúar 1987 varð sú breyting að Halldór J. Kristjánsson tók við starfi formanns og Páll Flygenring, ráðuneytisstjóri, við starfi varaformanns.

Yfirlit yfir tekjur og gjöld Þ.L.	1986	1985	1984
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.
Tekjur	23.988	14.872	7.377
Rekstrargjöld	(13.370)	(7.790)	(4.436)
Hagnaður	10.617	10.640	4.545
Eignir	46.559	32.236	23.644
Skuldir	(3)	(499)	(699)
Eigið fé	46.556	31.737	22.945

SEMENTSVERKSMIÐJA RÍKISINS

Sementsverksmiðja ríkisins tók til starfa árið 1958. Starfræksla verksmiðjunnar byggist á lögum nr. 35/1948, sbr. lög nr. 71/1961. Verksmiðjan er að öllu leyti í eigu ríkisins. Hún lýtur fimm manna þingkjörinni stjórn, sem kosin er til fjögurra ára. Iðnaðarráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna.

Rekstur 1986

Gjallframleiðsla verksmiðjunnar varð 112.100 tonn, samanborið við 100.400 tonn árið 1985. Þetta er mesta gjallframleiðsla á einu ári frá því starfræksla verksmiðjunnar hófst, en mesta framleiðsla áður var árið 1982 eða 103.600 tonn. Rekstrardagar ofnsins voru 347 og framleiðslan því 323 tonn á dag að meðaltali, eða 11 tonnum meiri en árið áður.

Framleiðsla sements varð 114.700 tonn, en salan 111.477 tonn.

Framleiðsla og sala sements 1986 (1985) í tonnum

	1986		1985	
	Framl.	Selt	Framl.	Selt
Portlandsement	99.300	96.676	103.300	102.281
Hraðsement	13.300	13.444	11.600	10.059
Blöndusement	2.100	1.357	2.300	1.745
Hvítt sement, innfl.		0		26
Alls tonn	114.700	111.477	117.200	114.111

Skipting milli sölu á lausu og sekkjuðu sementi var sem hér segir:

	Laust	Sekkjað
Portlandsement	72.103	24.573
Hraðsement	12.423	1.021
Blöndusement	1.038	319
Samtals	85.564	25.913
Skipting	76,75%	23,25%

Árið 1985 var hlutur lausa sementsins um 73% og þess sekkjaða um 27%.

Verð á framleiðslu verksmiðjunnar hækkaði einu sinni á árinu um 15% og flutningsjöfnunarsjóðsgjaldið hækkaði einu sinni um 22,4%. Hækkun á sementi frá ársbyrjun til ársloka var um 15,8%.

Rekstur verksmiðjunnar gekk mjög vel á árinu og varð rekstrarhagnaður að upphæð 62,6 M.kr. Afskriftir námu um 56,9 M.kr.

Fastráðnir starfsmenn í árslok 1986 voru 153 og hafði fækkað um 6 frá fyrra ári.

Helstu niðurstöður skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok 1986 (1985) (1984):

	1986 þús. kr.	1985 þús. kr.	1984 þús. kr.
Rekstrartekjur	488.700	408.500	383.800
Rekstrargjöld	(390.200)	(396.200)	(350.500)
Nt. fjár.tekjur (gjöld)	(35.900)	(58.800)	(30.000)
Hagnaður (tap)	62.600	(46.500)	3.300
Eignir	716.650	600.300	509.600
Skuldir	(332.300)	(360.300)	(280.300)
Eigið fé	384.350	240.000	229.300

Rekstrarhorfur 1987

Augljóst er að sementssala verður talsvert meiri en undanfarin ár, væntanlega 120.000—125.000 tonn.

Sementsverð hækkaði um 5,5% í byrjun mars og gera má ráð fyrir að verðið hækki óverulega síðari hluta ársins.

Gert er ráð fyrir að rekstur verksmiðjunnar verði í járnum á þessu ári, en í byrjun ársins varð 7 vikna framleiðslustöðvun hjá verksmiðjunni vegna mikilla endurbóta á brennsluofnum.

Stjórn

Á fundi sameinaðs Alþingis í desember 1984 voru eftirtaldir kosnir í stjórn verksmiðjunnar fyrir tímabilið frá 6. febrúar 1985 til 6. febrúar 1989: Ásgeir Pétursson, bæjarfógeti, formaður, Daníel Ágústínusson, fyrrv. aðalbókari, Friðjón Þórðarson, alþingismaður, Sigurjón Hannesson, trésmíðameistari, og Skúli Alexandersson, alþingismaður.

ORKUSTOFNUN

Hlutverk Orkustofnunar er samkvæmt orkulögum nr. 58/1967 annars vegar að vera ráðherra til ráðuneytis um orkumál og hins vegar að rannsaka orkulindir landsins og orkubúskap þjóðarinnar. Þetta tvíþætta hlutverk samtvinnast með þeim hætti að rannsóknirnar eru undirstaða ráðgjafastarfsins. Rannsóknir á orkulindunum, vatnsorku og jarðhita, eru jafnframt undirstaða undir nýtingu þeirra. Á grundvelli rannsókna er valið úr þeim virkjunarkostum, sem til greina koma, og þeir kostir kannaðir ítarlega sem vænlegastir þykja.

Orkustofnun verður mjög að líta til langs tíma í rannsóknum sínum, svo að nægur tími gefist til að kanna allar vænlegar leiðir og valið á þeim, sem til framkvæmda koma, geti farið fram á traustum grundvelli. Fram til þess tíma, að kostur er valinn til virkjunar, ber Orkustofnun sjálf kostnaðinn við rannsóknirnar með fjárveitingum, sem hún fær á fjárlögum, en eftir það ber sá kostnaðinn sem fyrir virkjun stendur, enda þótt Orkustofnun

hafi hluta þeirra framkvæmda oft með höndum. Þær eru þá unnar af stofnuninni sem reikningsverk fyrir virkjunaraðila. Þeir eru einkum Landsvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins á vatnsorkusviðinu, en stærstu hitaveiturnar, svo sem Hitaveita Reykjavíkur, Hitaveita Suðurnesja og Hitaveita Akureyrar, á jarðhitasviðinu.

Þeir rannsóknarþættir, sem Orkustofnun annast sjálf alfarið og eru undanfari vals á virkjunarkostum, nefnast forathuganir og forhönnunarrannsóknir. Þeir eru einnig nefndir eigin verk stofnunarinnar vegna þess að hún kostar þá sjálf af fjárveitingum. Hinir rannsóknarþættirnir, sem fylgja í kjölfar valsins, nefnast verkhönnunarrannsóknir og fara fram til undirbúnings svonefndri verkhönnun orkumannvirkisins, þ.e. lokaákvörðun um gerð einstakra hluta þess, og til undirbúnings verkútboða. Þessi verk eru jafnframt oft nefnd söluverk því að Orkustofnun selur virkjunaraðilum þessar rannsóknir.

Þessir síðartöldu rannsóknarþættir, verkhönnunar- og útboðsrannsóknir, eru dýrasti hluti undirbúningsrannsókna undir virkjun vatnsorku og jarðhita. Kostnaður við þá nemur oft yfir 80% af kostnaðinum við undirbúningsrannsóknirnar í heild, en kostnaður við forathugun og forhönnun, sem Orkustofnun ber sjálf, undir 20%.

Þrátt fyrir þessa aðgreiningu í þætti eru undirbúningsrannsóknir undir virkjanir vatnsorku og jarðhita samfelld heild, þar sem síðari þættirnir eru reistir á hinum fyrri. Þetta eru meira og minna sameiginleg einkenni rannsóknarstarfsemi af hvað tagi sem er. Forathuganir og forhönnunarrannsóknir eru undirstaða verkhönnunarrannsókna. Ljóst er, að miklu máli skiptir að þættirnir haldist í hendur, undirstaða sé fyrir hendi þegar byggja þarf á henni. Að öðrum kosti getur yfirbygging, verkhönnun, útboð og framkvæmd virkjunar, tafist.

Starfsemi 1986:

Vatnsorka

Á sviði vatnsorkurannsókna var 1986 unnið mun minna en áður að rannsóknnum vissra virkjunarstaða. Þá var haldið áfram rannsóknum í Jökulsánum í Skagafirði, Þjórsá neðan Búrfells, Hvítá í Árnessýslu Skjálfandafljóti við Íshólsvatn, Jökulsá á Dal, Markarfljóti og Síðuvötnum. Hér er alls staðar um að ræða forathuganir þær og forhönnunarrannsóknir sem vikið er að hér að framan og Orkustofnun kostar af fjárveitingum sínum. Þessu til viðbótar vann stofnunin fyrir eigin fjárveitingar að ýmsum almennum verkefnum vatnsorkurannsókna, svo sem vatnsmælingum og aurburðarmælingum, víðs vegar um land með svipuðum hætti og áður. Vatnshæðarmælingar eru í endurskoðun og er ætlunin að fækka þeim nokkuð en auka á nákvæmni þeirra sem eftir verða í rekstri. Lögð var aukin áhersla á vetrarmælingar á hálendinu.

Auk þess, sem að framan er talið, var lokið við söluverk fyrir Landsvirkjun á sviði vatnsorkurannsókna. Þau teljast með síðari rannsóknarþáttunum sem að framan voru taldir. Þau voru þó miklu minni en á undanförunum árum. Helstu söluverkin tengdust Sultartanga-virkjun, Vatnsfellsvirkjun, Blönduvirkjun og jarðfræðikortlagningu á virkjunarsvæðum við Þjórsá og Tungnaá og á Fljótisdalsheiði. Síðasttalda verkið, jarðfræðikortlagningin, er samvinnuverk Orkustofnunar og Landsvirkjunar og er kostnaði við það skipt milli þeirra.

Auk ofangreindra söluverka fyrir Landsvirkjun vann Vatnsorkudeild Orkustofnunar ýmis smá söluverk fyrir Rafmagnsveitur ríkisins, svo og fyrir ýmsa utan orkugeirans. Þar er stærst athuganir á öflun vatns fyrir vatnsveitur og fyrirtæki á sviði fiskeldis, athuganir á mengunarhættu vatns og jarðtæknilegar rannsóknir fyrir ýmsa aðila.

Orkubúskapardeild

Orkubúskapardeild vinnur að margvíslegum athugunum varðandi orkumál og sér um gagnasöfnun á því sviði.

Eins og áður var unnið að gagnasöfnun um orkumál og ýmsum innlendum sem erlendum aðilum veittar ýmsar upplýsingar um orkumál hér á landi.

Deildin sér um vinnu fyrir Orkuspárnefnd, en í henni eiga sæti fulltrúar Orkustofnunar, orkufyrirtækja, stofnana og sambanda sem málinu tengjast. Á árinu var unnin ný húshitunarspá og kom út skýrsla um það verk í lok árs. Allar aðferðir og forsendur voru rækilega endurskoðaðar frá eldri spám og fengust nokkuð breyttar niðurstöður frá síðustu spá, þ.e. að gert er ráð fyrir mun hægari vexti orkunotkunar til húshitunar en áður. Jafnframt er gert ráð fyrir að um 85% notkunarinnar verði fullnægt með jarðhita í stað 83% í eldri spá og 15% með rafmagni í stað 17% í eldri spá.

Starfshópur um endurskoðun á aðferðum við mat á orkuvinnslugetu vatnsorkuvera og rekstri þeirra lauk störfum á árinu og hélt 10 fundi. Í hópnum áttu sæti fulltrúar frá Landsvirkjun, Orkustofnun og Rafmagnsveitum ríkisins. Starfshópurinn gerði tillögur um breytingar á aðferðum við mat á orkugetu vatnsorkuvera og tímasetningu virkjana. Aðstandendur hópsins hafa ákveðið að fara eftir tillögum hópsins. Starfshópurinn sendi frá sér skýrslu í mars 1986: „Tillögur um breytingar á rekstrareftirlíkingum.“

Á vegum Framtíðarkönnunar forsætisráðherra var unnið í svokölluðum orkuhóp að gerð skýrslu um orkumál næstu áratuga. Hópurinn lauk störfum á árinu. Ýmis smærri verkefni voru í gangi á árinu.

Jarðhiti

Eigin verkefni, þ.e. forathuganir og forhönnunarverkefni á sviði jarðhitarannsókna, sem unnin voru á árinu 1986, voru helst:

- 1) Haldið var áfram forathugunum á svæðinu Trölladyngja- Krýsuvík með aukinni áherslu á kortlagningu jarðlagagerðar, sprungna og ummerkja jarðhita á yfirborði. Eins voru gerðar þar landmælingar til athugunar á hugsanlegum jarðskorpuhreyfingum.
- 2) Á Hengilssvæðinu var haldið áfram heildarkönnun svæðisins, lokið söfnun vatns- og gassýna og úrvinnslu jarðeðlisfræðilegra mælinga. Umfangsmiklum landmælingum, sem gera kleift að fylgjast með hæðarbreytingum, t.d. vegna vatnstöku úr svæðinu, var og lokið.
- 3) Haldið var áfram tilraunum á ýmsum þáttum, sem tengjast niðurdælingu affallsvatns í Svartsengi (í samvinnu við Hitaveitu Suðurnesja).
- 4) Ýmis smærri rannsóknarverkefni, eins og til dæmis hagkvæmniathuganir á jarðhitanytingu fyrir sveitarfélög og einstaklinga; framhaldsrannsóknir á eðli magnesíumsílikatútfellinga við hitun á fersku vatni; framhald athugana á því hvaða jarðhitabættir hafi einkum áhrif á eðlisviðnám bergs; þróun nýrra, áhrifaríkari og ódýrari aðferða til að auka dýptarskyn jarðeðlisfræðimælinga á jarðhitasvæðum; settur var á fót starfshópur sem ætlað var það hlutverk að efla þekkingu á forðafraði innan stofnunarinnar, aðallega hvað varðar þróun fullkonnari aðferða til hermireikninga fyrir jarðhitasvæði.

Áfram var haldið í samvinnu við Norðmenn setlagakönnun á Jan Mayen-hryggnum, í samræmi við samkomulag þjóðanna þar um.

Seld þjónusta á sviði jarðhita 1986 var mikil eins og á síðasta ári. Verkkaupar voru flestir hinir sömu en sumpart nýir. Stærstu verkin voru rannsóknir vegna borunar tveggja hola á Nesjavöllum fyrir Hitaveitu Reykjavíkur og rannsókn á jarðhita, vatns- og sjávarstöku á Vatnsleysuströnd fyrir Lindalax h.f. Af öðrum verkefnum má nefna vinnslueftirlit í Mosfellssveit, á Laugarnes- og Elliðaáarsvæðinu fyrir Hitaveitu Reykjavíkur; vinnslueftirlit

og rannsóknir í Svartsengi fyrir Hitaveitu Suðurnesja; úrvinnslu eldri mælinga, vinnslueftirlit og ráðgjöf vegna Kröfluvirkjunar fyrir Landsvirkjun; vinnslueftirlit í Bjarnarflagi fyrir Jarðvarmaveitur ríkisins; rannsókn og forðafræðiúttekt vinnslusvæðis Hitaveitu Seltjarnarness; eftirlit með vatnsvinnslu og efnainnihaldi vatnsins fyrir Hitaveitu Egilsstaða og Fella; vinnslueftirlit og skýrslugerð um stöðu vinnslusvæða og leiðir til aukinnar orkuöflunar fyrir Hitaveitu Akureyrar og ráðgjöf og ýmiss konar mælingar, m.a. fyrir Hitaveitu Selfoss, Dalvíkur, Sauðárkróks, Varmahlíðar í Skagafirði, Siglufjarðar og Hríseyjar.

Á árinu varð áframhaldandi aukning í ráðgjafar- og rannsóknarþjónustu varðandi nýtingu jarðhita til fiskeldis. Voru unnin verkefni á þessu sviði m.a. fyrir Fljótalax, Lindalax, ÍSNO, Íslandslax, Silfurlax og Silfurgen, Miklalax og Seljalax í Öxarfirði.

Á árinu 1986 vann Jarðhitadeild Orkustofnunar í samvinnu við Virki h.f. að tveimur jarðhitaverkefnum í Grikklandi, þ.e. ráðgjöf varðandi jarðhita og losun affallsvatns á eyjunni Nisyros í Eyjahafi og ýmsa ráðgjöf varðandi borun u.þ.b. 2.500 m djúprar lághitaholu hjá Serres í Makedóníu.

Auk þess var gert tilboð á vegum Orkustofnunar erlendis h.f., í samvinnu við Virki h.f., í jarðhitaverkefni á Santa Lucia-eyjunni, á Nýja-Sjálandi og í Tyrklandi.

Jarðhitaskóli HSP var rekinn með svipuðum hætti og áður. Árið 1986 voru tíu nemendur í sex mánaða þjálfun. Þeir komu frá Eþíópíu (1), Kenýa (3), Thailandi (1), Tyrklandi (1), Tanzaníu (1), Mexíkó (1) og Indónesíu (2). Tveir þessara nema voru hér á styrkjum frá UNDP, en hinir á styrkjum frá HSP og íslenska ríkinu.

Stjórnsýsla

Iðnaðarráðherra skipar stjórn Orkustofnunar til eins árs í senn. Stjórnina skipa þrjú menn. Árið 1986 áttu sæti í stjórninni: Jónas Elíasson, prófessor, formaður, Valdimar K. Jónsson, prófessor, Póroddur Th. Sigurðsson, vatnsveitustjóri.

Orkumálastjóri er Jakob Björnsson.

Orkustofnun skiptist í fjórar deildir:

Stjórnsýsludeild, forstöðumaður Gunnlaugur Jónsson. Vatnsorkudeild, forstöðumaður Haukur Tómasson. Jarðhitadeild, forstöðumaður Guðmundur Pálmason. Orkubúskapardeild, deildarstjóri Jón Ingimarsson.

Orkustofnun annaðist rekstur Jarðvarmaveitna ríkisins til ársloka 1986 samkvæmt ákvörðun ráðherra. Á árinu 1985 var með lögum stofnað fyrirtækið Orkustofnun erlendis h.f., sem hefur það hlutverk að selja erlendis þekkingu Orkustofnunar og íslenskra ráðgjafa á nýtingu jarðhita og vatnsorku.

Rekstur og fjármál 1986

Samkvæmt meðfylgjandi rekstrarreikningi námu bókfærð útgjöld á árinu 1986 alls tæpum 220 milljónum króna en rúmum 199 milljónum árið áður. Hækkun milli ára nam 10% á sama tíma og vísitala vöru og þjónustu hækkaði um 20,6% milli ára. Raunvirði útgjalda Orkustofnunar lækkaði því um 8,8% milli ára.

Að raunvirði á verðlagi ársins 1986 lækkuðu sértekjur Orkustofnunar úr rúmum 113 milljónum 1985 í rúmar 93 milljónir króna 1986. Þessi samdráttur varð til þess að heildartekjur og útgjöld urðu langt undir meðaltali árána 1977—1985. Launakostnaður var nálægt meðaltali sömu ára.

Rekstrartekjur	1986	1985	1984
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.
Fjárveiting til Orkustofnunar	135.788	106.200	74.720
Sértekjur:			
Framlög til Háskóla Sameinuðu þjóðanna	10.228	9.253	6.013
Sérverkefni fyrir Orkusjóð og Iðnaðarráðuneytið	434	4.859	3.400
Seld þjónusta önnur	71.911	62.448	32.286
Ýmsar tekjur	10.596	17.429	7.799
Samtals	228.957	200.189	124.218
Hlutfall sértekna sem % af heildartekjum	41%	47%	40%
Rekstrargjöld			
Rekstur Stjórnsýsludeildar	40.198	33.244	23.941
Rekstur Vatnsorkudeildar	64.018	66.195	41.773
Rekstur Jarðhitadeildar	96.668	83.638	50.491
Gjaldfærður stofnkostnaður	18.815	16.446	8.042
Viðhald	—	—	—
Rekstrargjöld samtals	219.699	199.523	124.247
Launakostnaður í rekstri	125.053	98.151	67.965
Hagnaður (tap)	9.258	666	(29)
Hagnaður (tap) %	4,0%	0,3%	(0,02)%

Starfsmannahald

Nokkur samdráttur varð í starfsmannahaldi Orkustofnunar á árinu. Í árslok voru 90 starfsmenn ráðnir ótímabundinni ráðningu á Orkustofnun sjálfri og 26 tímabundinni ráðningu í tengslum við einstök verk, svonefndri verkefnaráðningu, eða alls 116 starfsmenn. Að auki vann sumarvinnufólk og annað lausráðið starfsfólk samtals tæp 12 ársverk. Alls voru unnin 127,6 ársverk sem er 9,7 færri en árið áður.

Yfirlit um starfsmannahald (ársverk) Orkustofnunar 1986 eftir deildum:

	Vatns-orku- deild 1)	Jarð- hita- deild 2)	Stjórn- sýslu- deild	Samtals
Ótímabundin ráðning	32,5	36,25	21,0	89,75
Verkefnaráðning	9,6	14,1	2,4	26,1
Samtals	42,1	50,35	23,4	115,85
Lausráðið starfsfólk	1,0	10,55	0,0	11,55
Starfsmenn 1986 alls	43,1	60,90	23,4	127,4
Starfsmenn 1985 alls	48,3	63,15	25,9	137,35
Starfsmenn 1984 alls	56,2	61,7	27,1	145,0

1) Innifelur orkubúskapardeild.

2) Þar af 4 vegna Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Fjárhagsáætlun ársins 1987

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir 13% hækkun á útgjöldum milli ára, sem er mun minni hækkun en nemur áætlaðri hækkun meðalverðlags milli ára.

Mestur er samdrátturinn á Vatnsorkudeild, en jafnframt er nokkur samdráttur á Stjórnsýsludeild og Jarðhitadeild. Áætlað er að unnin ársverk á árinu verði rúmlega 120.

ÍSLENSKA JÁRNBLENDIFÉLAGIÐ H.F.

Félagið er hlutafélag og starfar skv. lögum nr. 18 11. maí 1977, um járnblendiverk-smiðju í Hvalfirði, sbr. lög nr. 45 11. maí 1982 og lög nr. 95 28. maí 1984, um breytingu á þeim lögum. Íslenska ríkið hefur frá öndverðu átt 55% hlutfjárins, en aðrir eigendur eru Elkem a/s í Osló með 30% eignarhlut og Sumitomo Corporation í Tokyo með 15%. Félagið var stofnsett hinn 28. apríl 1975 „til framleiðslu á kísiljárn og hafi með höndum þá framleiðslu og tengdan atvinnurekstur,“ eins og segir í lögnum.

Framleiðslan er blendi af kísil (silisium, silicon) og járn, þar sem hlutfall kísils getur verið mismunandi. Framleiðslan frá Grundartanga hefur um 75% kísilinnihald. Þetta efni er íblöndunarefni á lokastigi stálframleiðslu, en einnig er það notað við járnsteypu og lítillaga til efnaiðnaðar.

Félagið starfar undir forystu sjö manna stjórnar, sem kosin er á aðalfundi til eins árs í senn. Iðnaðarráðherra tilnefnir fjóra stjórnarmenn og úr þeirra hópi stjórnarformann, en Elkem tilnefnir tvo og Sumitomo Corp. einn.

Reksturinn 1986

Afkoman á árinu var afleit eða 212 M.kr. halli í stað 8,2 M.kr. halla árið 1985, jafnvel þótt framleiðsla og sala væri meiri en áður hefur verið. Framleidd voru ígildi 66.787 tonna af 75% kísiljárn. Útflutt voru 64.014 tonn, en verðlag á mörkuðum var afar lélegt og fór versnandi fram undir árslok. Framleiðsluaukning var 10,7% milli ára, en útflutningsaukning varð rúm 17% í magni en söluaukning í krónum aðeins rúm 6%. Hallinn var rúm 16% af brúttósölu, en þá höfðu verið færðar til gjalda 337 M.kr. af afskriftum og nettó fjármagnsgjöldum, eða sem svarar nær 26% af brúttósölu.

Starfsmannafjöldi í árslok var 188.

Helstu tölur úr ársreikningum félagsins eru þessar í M.kr.:

	1986 M.kr.	1985 M.kr.	1984 M.kr.
Rekstrartekjur	1.210,1	1.137,8	1.119,9
Rekstrargjöld	(1.365,2)	(1.116,9)	(873,0)
Nettó fjármagnstekjur (gjöld)	(56,9)	(29,1)	(114,7)
Hagnaður (tap)	(212,0)	(8,2)	132,2
Eignir	3.028,6	3.065,2	(2.345,7)
Skuldir	(1.730,9)	(1.706,1)	(1.525,8)
Eigið fé	1.297,7	1.359,1	819,9

Vegna hins lága verðs á heimsmarkaði fyrir kísiljárn dró úr yfirframboði eftir því sem leið á árið 1986 og fram á árið 1987. Því eru teikn á lofti um að markaðurinn sé að ná jafnvægi og styrkjast og útlit um skárri afkomu 1987 en var árið áður.

Stjórn

Stjórnarmenn tilnefndir af iðnaðarráðherra á aðalfundi í apríl 1986 eru: Barði Friðriksson, hrl., formaður, Páll Bergþórsson, veðurfræðingur, varaformaður, Guðmundur Guðmundsson, framkvæmdastjóri, og Helgi G. Þórðarson, verkfræðingur. Elkem a/s tilnefndi tvo stjórnarmenn, Frank Myhre og Per Kristian Björgum, og Sumitomo Corporation einn, Kiyotomo Sakuma. Framkvæmdastjóri félagsins er Jón Sigurðsson.

KÍSILIÐJAN H.F. VIÐ MÝVATN

Kísiliðjan h.f. starfar samkvæmt lögum nr. 80/1966, ásamt síðari breytingum.

Eignarhlutdeild í Kísiliðjunni er nú þannig:

Ríkissjóður	59,8%
Manville International	39,8%
Aðrir (sveitarfélög norðanlands)	0,4%

Á árinu 1982 var sameignarsamningurinn við Manville Corporation framlengdur frá 13. ágúst 1986 til 13. ágúst 1996.

Alþingi kys fulltrúa ríkisins í stjórn Kísiliðjunnar h.f., þ.e. 3 af 5 stjórnarmönnum, en Manville International tilnefni tve stjórnarmenn.

Á fundi sameinaðs Alþingis voru kjörnir þrjú fulltrúar ríkisins og jafnmargir varamenn í stjórn Kísiliðjunnar h.f. til fjögurra ára, frá 20. apríl 1987 til jafnlengdar 1991. Stjórnarmenn ríkisins eru nú Björn Jósef Arnviðarson, lögfræðingur, formaður, Jón Illugason, framkvæmdastjóri, og Pétur Torfason, verkfræðingur.

Vegna sölu kísilafurðanna hefur hinn erlendi samstarfsaðili stofnað sölufélagið Manville h.f. á Húsavík. Iðnaðarráðherra skipar einn fulltrúa í stjórn þess félags.

Framleiðsla og sala

Á árunum 1980—1985 jókst framleiðsla Kísiliðjunnar h.f. með hverju árinu. Á árinu 1986 dró hins vegar verulega úr framleiðslu verksmiðjunnar vegna markaðsaðstæðna. Framleidd voru 22.897 tonn af fullnum kísilgúr eða um 86% af framleiðsluáætlun. Framleiðslan var um 22% minni en árið 1985, en þá var mesta framleiðsla í sögu verksmiðjunnar.

Útflutningur kísilgúrs var á árinu 1986 23.337 tonn, eða um 87% af áætlun. Innanlands voru seld 45 tonn. Helstu markaðir fyrir íslenskan kísilgúr eru í Evrópu. Markaðsaðstæður versnuðu til muna á árinu. Sala var um 15% minni en árið 1985. Bandaríkjadalur féll mjög gagnvart öðrum gjaldmiðlum, en nær öll framleiðsla Kísiliðjunnar h.f. er seld í Evrópumyntum. Sú þróun ásamt með lágum farmgjöldum frá Bandaríkjunum til Evrópu styrkti mjög samkeppnistöðu bandarískrar kísilgúrframleiðslu á Evrópumarkaði. Samtímis hefur heimsframleiðsla kísilgúrs aukist.

Vegna óvissu um þróun á kísilgúrmörkuðum varð nokkur birgðasöfnun í upphafi árs 1986. Upp úr miðju ári hafði tekist að ná birgðum í viðunandi horf. Verksmiðjan var stöðvuð rúmlega tveimur mánuðum lengur en á árinu 1985, samtals í um þrjú mánuði.

Afkoma

Rekstrartekjur að frádregnum útflutningskostnaði voru 252 milljónir króna. Hagnaður ársins var 20,4 milljónir króna. Rekstrarniðurstaðan felur í sér 20,2 milljónir króna í afskriftir og 11,8 milljónir króna í nettó fjármagnskostnað. Þar af eru 12,6 milljónir króna reiknuð gjaldfærsla vegna verðbreytinga og vaxtatekjur 2,5 milljónir króna. Hvort tveggja er til marks um sterka stöðu félagsins.

Árið 1986 er fjórða árið í röð sem Kísiliðjan h.f. skilar rekstrarhagnaði. Þrátt fyrir verulegan samdrátt sölumagns var afkoman góð. Helstu ástæður er að finna í verulegri lækkun olíuverðs, raunlækkun rafmagnsverðs og góðu söluverði. Einnig eru kostnaðarsparandi aðgerðir undanfarandi ára að skila sér. Stöðugleiki í efnahagsmálum hefur verið mjög af hinu góða.

Fjárfestingar voru nokkrar á árinu, en ekki kostnaðarsamar. Þar er helst að nefna breytingar á dælingu hráefnis úr Mývatni. Áður var dælt á tveimur kerfum. Með tiltölulega litlum tilkostnaði var gert kleift að dæla einungis á öðru kerfinu. Breytingin felur í sér umtalsverðan sparnað í orkukostnaði dælingar. Einnig næst til hráefnis, sem áður tapaðist úr geymsluþró.

Rekstrarfjárstaða Kísiliðjunnar h.f. er mjög góð. Samkvæmt efnahagsreikningi 31.12.1986 er veltufjárhlutfall félagsins 5,57. Á sama tíma námu langtímaskuldir félagsins 2,5 milljónum króna og heildarskuldir voru samtals 6,6% af eigin fé.

	1986 (þús. kr.)	1985 (þús. kr.)	1984 (þús. kr.)
Rekstrartekjur	376.283	359.888	247.128
Rekstrargjöld	(344.084)	(5.798)	(4.734)
Fjármagnsgjöld	(11.752)	(330.547)	(231.842)
Hagnaður	20.447	23.543	10.552
Eignir	366.041	281.580	209.950
Skuldir	(22.749)	(30.341)	(33.137)
Eigið fé	343.292	251.239	176.813

Stjórn

Tvær breytingar voru gerðar á stjórn félagsins á árinu 1986. Lárus Jónsson og P. C Veyron létu af stjórnarstörfum. Í þeirra stað var Björn Jósef Arnviðarson skipaður af iðnaðarráðherra og B. Van Herpen tilnefndur af Manville Corp.

Kosning íslensku fulltrúanna þriggja var á Alþingi í ársbyrjun 1987. Þeir eru kjörnir til fjögurra ára í senn.

Framkvæmdastjórn og starfslíð

Engar breytingar urðu á framkvæmdastjórn félagsins á árinu 1986. Fjöldi fastráðinna starfsmanna var 63 yfir vetrarmánuðina og 70 á þeim tíma, sem dæling hráefnis úr Mývatni fór fram. Fjöldi vinnuvikna starfsmanna félagsins árið 1986 svaraði til þess að meðalfjöldi starfsmanna væri 65.

Launagreiðslur til starfsmanna og stjórnar voru á árinu 1986 49,5 milljónir króna.

Önnur mál

Friður hefur nú ríkt um skeið um framkvæmd rannsókna á áhrifum kísilgúrnáms í Mývatni. Á árinu 1986 voru enn gerðar breytingar á útgefnu námuleyfi Kísiliðjunnar h.f. frá 1985. Þar voru m.a. gerðar breytingar á skipan rannsóknarnefndar, sem nú starfar undir stjórn menntamálaráðherra.

Öllum kísilgúr hefur frá upphafi verksmiðjunnar verið skipað út frá Húsavík. Aðstaða til útskipunar þar er nú afar bágborin. Hafnargarðurinn er orðinn mjög lélegur og liggur raunar undir stórskemmdum. Garðurinn er auk þess allt of mjór til þess að þjóna gámaútskipun. Við upphaf gámavæðingar Kísiliðjunnar h.f. var tekið myndarlega á því að útbúa svæði til gámageymslu við Húsavíkurhöfn. Ekki er síður mikilvægt að tekið verði skjótt og myndarlega á framkvæmdum við hafnargarðinn.

Svokallaður Kísilvegur á milli Húsavíkur og Mývatns er mikil samgönguæð. Um veginn fer öll framleiðsla Kísiliðjunnar h.f. og öll aðföng til verksmiðjunnar. Íbúar Skútustaða-hrepps nota Kísilveginn til þess að sækja nauðsynlega þjónustu til Húsavíkur. Í árána rás hefur komið í ljós að snjór safnast gjarnan fyrir á vörum á sömu stöðum á veginum. Nú eru

11 ár síðan forráðamenn Kísiliðjunnar h.f. hreyfðu því fyrst við vegamálayfirvöld að með litlum tilkostnaði mætti gera Kísilveginn mun öruggari til vetraraksturs, auk þess sem spara mætti fé til snjómoksturs. Af og til síðan hefur málinu verið hreyft, síðast á haustmánuðum 1986 er bréf var sent til vegamálayfirvalda og þingmanna kjördæmisins. Undanfarnir vetur hafa verið mildir, lítið um stór veður og ófærð. En menn muna verri tíð og mikilvægt er að sofna ekki á verðinum.

Á árinu 1986 gerði Halldór Jóhannsson, landslagsarkitekt, tillögu að framtíðarskipulagi lóðar Kísiliðjunnar h.f. Á næstu árum er áætlað að vinna jafnt og þétt að umbótum á nánasta umhverfi verksmiðjunnar.

Framtíðarhorfur

Afkoma félagsins hefur verið góð það sem af er árinu 1987. Flest bendir þó til þess að seinni hluti ársins verði erfiður. Bandaríkjadalur hefur haldið áfram að falla. Litlar líkur eru því taldar á verulegri söluaukningu vegna gífurlegrar samkeppni. Samkeppnin hefur síðan líklega í för með sér verðlækkun á markaðinum. Heimsmarkaðsverð á olfu hefur hækkað og áhrifa þess mun gæta hérlendis innan skamms. Líkur eru á að launakostnaður fari nokkuð fram úr áætlunum. Almennt er talið að stöðugleiki sá, sem ríkti í íslensku efnahagslífi á árinu 1986, muni minnka á árinu 1987.

Umtalsverðar fjárfestingar eru áætlaðar á árinu 1987. Þar er helst að nefna gagngera endurnýjun á rykhreinsibúnaði votvinnsludeildar og vélbúnað í þökkunardeild verksmiðjunnar.

RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS

Rafmagnsveitur ríkisins starfa á grundvelli IX. kafla orkulaga nr. 58/1967 og eru eign ríkisins og starfræktar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki.

Skipta má rekstri Rafmagnsveitnanna í þrennt: Orkuöflun, orkuflutning og orkudreifingu. Þetta eru ólíkir starfþættir en eru að sjálfsögðu samtengdir.

Með orkuöflun er átt við orkukaup og rekstur eigin vatnsaflsstöðva og dísilstöðva, en orkukaup eru aðallega frá Landsvirkjun og einnig lítills háttar frá Skeiðsfossvirkjun og Andakilsárvirkjun.

Með orkuflutningi er átt við flutning eftir stofnlínukerfi frá orkuafhendingarstað til aðveitustöðva þaðan sem dreifing fer fram til notenda eða orkusala til rafveitna sveitarfélaga.

Með orkudreifingu er átt við flutning frá aðveitustöð um innanbæjarkerfi til einstakra notenda, svo og sveitalínur til sveitabæja og annarra notenda í dreifbýli.

Rafmagnsveiturnar sjá um rekstur byggðalína að verulegu leyti samkvæmt sérstökum samningi við Landsvirkjun sem er eigandi byggðalína.

Starfsemi — Orkuveitusvæði

Rafmagnsveitur ríkisins dreifa raforku um allt land (að undanskildum Vestfjörðum og Reykjanesi) á þeim svæðum þar sem rafveitur sveitarfélaga starfa ekki. Ennfremur selja Rafmagnsveiturnar flestum rafveitum sveitarfélaga raforku í heildsölu. Á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins eru tæp 12% af íbúum í þéttbýli en um 92% af íbúum í sveitum. Um 20% landsmanna eru á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins.

Aðalskrifstofa Rafmagnsveitnanna er í Reykjavík, en auk þess eru svæðisskrifstofur í Stykkishólmi, á Blönduósi, Akureyri, Egilsstöðum og Hvolsvelli.

Raforkuöflun

Rafmagnsveitur ríkisins kaupa raforku í heildsölu, aðallega frá Landsvirkjun, og framleiða einnig orku í eigin orkuverum. Orkuöflunin 1986 var sem hér segir:

Keypt orka:

Frá Landsvirkjun	663.109 MWh	
Frá Andakílsársvirkjun	680 MWh	
Frá Skeiðsfossvirkjun	3.352 MWh	
Frá Sleitustaðavirkjun	324MWh	
Alls	667.465 MWh	= 667,5 GWh

Framleidd orka:

Í vatnsorkustöðvum	97.293 MWh	
Í varmaorkustöðvum	1.803 GWh	
Í kyndistöðvum	759 GWh	
Alls	99.855 MWh	= 99,9 GWh
Orkuöflun alls		= 767,4 GWh

Orkuöflun árið 1986 hefur minnkað um 124,6 GWh eða 14,0% frá árinu áður.

Frá 1. janúar 1986 hættu Rafmagnsveiturnar orkusölu á Reykjanesi og er það orsök þessa samdráttar í orkuöflun.

Raforkusala

Rafmagnsveitur ríkisins selja, eins og áður sagði, raforku til rafveitna sveitarfélaga í heildsölu og beint til notenda á orkuveitusvæði sínu. Heildarraforkusala á árinu 1986 var 672 GWh og minnkaði um 97 GWh eða 12,6% frá árinu áður. Í heildsölu voru seldar 157 GWh. Smásala skiptist þannig eftir notkun árið 1986:

	GWh	%
Almenn notkun	59	11
Markmæling (landbúnaður)	167	32
Vélanotkun	95	19
Húshitun	180	35
Annað	14	3
Samtals	515	100

Auk þess seldu Rafmagnsveiturnar heitt vatn, er samsvarar 30 GWh, til hitaveitna á Höfn í Hornafirði og Seyðisfirði.

Reiknað er með að 70% af raforkusölu í landbúnaði séu vegna húshitunar. Rafmagnsveiturnar hafa því selt samtals 297 GWh til húshitunar (117 GWh til landbúnaðar og 180 GWh til annarrar húshitunar) eða nálægt 58% af raforku í smásölu.

Fjárfestingar

Á árinu 1986 námu fjárfestingar 239,4 M.kr. samanborið við 257,5 M.kr. árið 1985.

Fjárfestingar ársins 1986 skiptast þannig:

	M.kr.
Varmaafsstöðvar	0,1
Aðalorkuveitur	77,4
Dreifiveitur	128,0
Fasteignir, bifreiðar og áhöld	36,9
— sala	3,0
	239,4

Framkvæmdir við dreifiveitur í sveitum eru að mestu fjármagnaðar með framlagi úr Orkusjóði, en aðrar framkvæmdir með lánsfé og úr rekstri, svo og með beinni verksölu.

Fjárhagsafkoma 1986

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi (í þús. kr.) í árslok 1986:

	1986 (þús. kr.)	1985 (þús. kr.)	1984 (þús. kr.)
Tekjur:			
Orkusala	1.401.414	1.471.353	1.220.656
Verðjöfnunargjald o.fl.	414.737	350.609	334.358
Tekjur samtals	1.816.151	1.821.962	1.555.014
Gjöld:			
Rekstrargjöld	1.674.886	1.595.148	1.218.618
Fjármagnsgjöld	148.297	101.441	266.189
Gjöld samtals	1.823.183	1.696.589	1.485.807
Rekstrarafgangur.....	(7.032)	125.373	69.207
Eignir	5.745.300	5.175.988	7.108.953
Skuldir	(859.088)	(3.675.741)	(6.257.511)
Eigið fé	4.886.212	1.500.247	851.442

Á árinu 1986 varð tap af rekstri Rafmagnsveitnanna að upphæð 7.032 þús. kr.

Samkvæmt VI. kafla laga nr. 3/1986 um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986 féll verðjöfnunargjald af raforku niður 1. mars 1986, en gjaldið hafði runnið að ¼ hlutum til fyrirtækisins. Vegna þessa var fjármálaráðherra heimilað fyrir hönd ríkissjóðs, samkvæmt lánsfjárlögum fyrir árið 1987, að yfirtaka allt að 3.500.000 þús. kr. af langtímaskuldum fyrirtækisins, en á móti gefi fyrirtækið út skuldabréf að fjárhæð 600.000 þús. kr. og afhendi ríkissjóði tvö skuldabréf útgefin af Hitaveitu Suðurnesja að fjárhæð 990.000 þús. kr.

Við endanlega yfirtöku ríkissjóðs í árslok 1986 telst framlag ríkissjóðs til fyrirtækisins vera 2.049.861 þús. kr.

Horfur í rekstri 1987

Rekstraráætlun fyrir árið 1987 ber með sér að rekstrartap er fyrirsjáanlegt. Ástæður þessa eru í meginatriðum þrjár. Í fyrsta lagi vegur framlag ríkissjóðs, sem fólst í 2.050 m.kr. skuldayfirtöku, ekki upp á móti niðurfellingu verðjöfnunargjaldsins eins og ítrekað var bent á af hálfu fyrirtækisins og iðnaðarráðuneytisins við afgreiðslu málsins, svo og að áfram þurfi að koma til greiðslur úr ríkissjóði vegna félagslegs þáttar framkvæmda. Í öðru lagi er hækkun almenns verðlags og launakostnaðar meiri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Í þriðja lagi er hækkun á gjaldskrá fyrirtækisins á árinu 1987 að mestu leyti vegna hækkunar á heildsöluverði Landsvirkjunar en að litlu leyti vegna annars rekstrarkostnaðar.

Smásölugjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins var hækkuð um 7% 1. janúar 1987 í kjölfar 7,5% hækkunar á heildsöluverði Landsvirkjunar. Ljóst var þegar við þessa gjaldskrárbreytingu að hækkun Rafmagnsveitnanna var of lítil miðað við verðlagsspá sem þá lá fyrir. Verðlagsþróun hefur síðan orðið mun óhagstæðari en gert var ráð fyrir um síðastliðin áramót. Smásölugjaldskrá Rafmagnsveitnanna var enn hækkuð um 10% 1. ágúst 1987 í kjölfar hækkunar á heildsölugjaldskrá Landsvirkjunar um 9,5% frá sama tíma. Þessar gjaldskrárhækkningar hafa í för með sér að orkukaupakostnaður Rafmagnsveitnanna eykst um 38 m.kr., en tekjur af smásölu aukast um 35 m.kr. og tekjur af heildsölu um 12 m.kr. Nettó tekjuauki Rafmagnsveitna ríkisins af gjaldskrárbreytingum 1. ágúst 1987 er því aðeins 8 m.kr. eða um 0,5% af orkusölutekjum ársins. Ástæður þessa eru þær að hækkun smásölugjaldskrár verður ekki virk fyrr en 1,5 mánuðum eftir hækkun heildsölugjaldskrár sem þýðir að hið nýja heildsöluverð gildir í 5 mánuði 1987 á meðan hin nýja smásölugjaldskrá er í gildi 3,5 mánuði 1987. Þær gjaldskrárhækkningar, sem orðið hafa hjá Rafmagnsveitum ríkisins á árinu 1987, hafa í för með sér 6,6% aukningu á orkusölutekjum til að mæta öðrum rekstrar-gjöldum en orkukaupum.

Fjárhagsáætlun 1987 í þús. kr.

Tekjur

Smásala	1.235.000
Heildsala	322.000
Aðrar tekjur	60.000
Samtals	1.617.000

Gjöld

Laun	330.000
Önnur rekstrargjöld	270.000
Hráefni og vörur til endursölu	1.010.000
Samtals	1.610.000

Rekstrarafkoma fyrir afskriftir og fjármunagjöld	7.000
Afskriftir	355.000
Fjármunagjöld umfram fjármagnstekjur	25.000
Hagnaður (tap)	(373.000)

Starfsfólk

Fjöldi starfsmanna Rafmagnsveitnanna hefur á undanförunum árum verið sem hér segir:

1982	1983	1984	1985	1986
546	368	332	322	311

Rafmagnsveitustjóri er Kristján Jónsson. Forstöðumaður fjármálasviðs frá 1. júlí 1987 er Eiríkur Briem og forstöðumaður tæknisviðs er Steinar Friðgeirsson. Svæðisrafveitustjórar eru þeir Ásgeir Þór Ólafsson, Vesturlandi, Sigurður Eymundsson, Norðurlandi vestra, Ingólfur Árnason, Norðurlandi eystra, Erling Garðar Jónasson, Austurlandi, og Örlygur Jónasson, Suðurlandi.

Stjórn Rafmagnsveitna ríkisins skipa: Pálmi Jónsson, Akri, formaður, Gylfi Magnússon, Ólafsvík, Sveinn Ingvarsson, Reykjum, Skeiðahreppi, Sigurður Ágústsson, Sauðárkróki, og Sveinn Jónsson, Egilsstöðum.

IÐNLÁNASJÓÐUR

Fjárfestingarlánadeild

Fjárfestingarlánadeild hefur það hlutverk að styðja við íslenskan iðnað með hagkvæmum stofnlánum, en hún veitir stofnlán sem hér segir:

1. Til véla- og tækjakaupa fyrir iðnaðinn.
2. Til byggingar verksmiðju- og iðnaðarhúsa.
3. Til endurskipulagningar iðnfyrirtækja.
4. Til hagræðingar í iðnrekstri.
5. Til framkvæmda er auka hollustu og öryggi og bæta starfsumhverfi á vinnustöðum

Iðnlánasjóði er heimilt, ef sérstakar ástæður mæla með því að mati sjóðsstjórnar, að lána iðnfyrirtækjum til fasteignakaupa. Þeir aðilar, sem gjald greiða til Iðnlánasjóðs af rekstri sínum, skv. 5. gr. laga sjóðsins, skulu að öðru jöfnu hafa forgang til lána úr sjóðnum.

Eftirspurn og lánveitingar

Árið 1986 bárust deildinni 313 umsóknir í stað 270 umsókna árið 1985 eða 16% fleiri. Lánsbeiðnir í krónum talið jukust fimmta árið í röð eða um 23% og námu 1.127,3 M.kr. í stað 918,2 M.kr. árið áður. Ráðstöfunarfé sjóðsins minnkaði frá fyrra ári um nær 6%. Eigið ráðstöfunarfé minnkaði einnig á árinu. Stafar það m.a. af sívaxandi beiðnum um skuld-breytingar, en veruleg aukning varð á jákvæðri afgreiðslu þeirra á árinu.

Fjöldi afgreiddra lána 1986 var 312, en 292 árið áður. Árið 1986 voru afgreidd lán að fjárhæð 666,0 M.kr. á móti 557,3 M.kr. árið áður. Nemur aukningin 27%.

Lánskjör

Vöxtum deildarinnar var breytt 15. maí og voru þeir lækkaðir úr 7% í 6,5% á lánum háðum lánskjaravísitölu og úr 10% í 8% á lánum með gengisviðmiðun SDR.

Véllán innan kr. 700.000,00 og byggingarlán innan kr. 5.000.000,00 eru háð lánskjaravísitölu. Lán sem eru fyrir ofan þessi mörk eru með gengisviðmiðun SDR.

Lántaki velur sjálfur lengd lánstíma. Hámarkslánstími byggingarlána er 15 ár en véllána 7 ár. Lánin eru endurgreidd með jöfnum greiðslum og er gefinn kostur á einni eða tveim afborgunum á ári.

Lántökur

Sívaxandi hluti af ráðstöfunarfé deildarinnar eru nýjar lántökur. Nú er nú svo komið að um 92% af ráðstöfunarfé sjóðsins 1986 voru ný lán. Þau skiptast þannig:

	M.kr.
Lán bundið lánskjaravísitölu með 8% ársvöxtum	100
Lán háð gengi USD með 0,5% yfir LIBOR	300
Lán háð gengi GBP með 0,5% yfir LIBOR	50
Lán háð gengi DEM með 0,5% yfir LIBOR	100
Samtals	550

Vöruþróunar- og markaðsdeild

Hlutverk Vöruþróunar- og markaðsdeildar er eftirfarandi:

1. Að stuðla að vöruþróun og aukinni samkeppnishæfni iðnaðarins.
2. Að örva nýsköpun.
3. Að auka útflutning iðnaðarvара.
Deildin skal rækja hlutverk sitt með eftirfarandi aðgerðum:
 1. Lánnum til vöruþróunar, hönnunar og annarrar nýsköpunar.
 2. Lánnum til útflutnings- og markaðsstarfsemi.
 3. Framlögum til nýrra útflutningsverkefna, þróunar verkefna og til rannsókna í iðnaði.
 4. Kaupum og sölu hlutabréfa í starfandi fyrirtækjum og þátttöku í stofnun nýrra fyrirtækja.
 5. Veitingu ábyrgða á lánnum hjá bönkum og sparisjóðum.

Eftirspurn og lán- og styrkveitingar

Árið 1986 bárust 123 umsóknir samtals að fjárhæð 121 M.kr. Samþykkt voru lán að fjárhæð 48 M.kr. og styrkir að fjárhæð 12,5 M.kr. Ráðstafað var 60,5 M.kr., sem er 50% af heildareftirspurn. Auk þess var fjárfest í hlutabréfum á árinu fyrir rúmar 5,8 M.kr. Nánari skipting á ráðstöfun deildarinnar er eftirfarandi (í milljónum króna):

	Lán	Styrkir	Alls
Vöruþróun	30,7	3,0	33,7
Markaðsaðgerðir	17,4	9,4	26,8
Alls	48,1	12,4	60,5
Hlutabréfakaup			5,8
Samtals ráðstafað			66,3

Lánskjör

Vöxtum deildarinnar var breytt 15. maí 1986 og voru þeir lækkaðir úr 7% í 5%. Lán deildarinnar eru háð lánskjaravísitölu. Lánstími er yfirleitt 3—5 ár og er ákveðinn með hliðsjón af væntanlegum árangri þess verkefnis sem lánað er út á.

Hlutabréfaeign

Eins og fram hefur komið hefur Vöruþróunar- og markaðsdeild Iðnlánasjóðs heimild til hlutabréfakaupa. Miðað er við að þátttaka sjóðsins fari ekki yfir 30% af hlutafé viðkomandi fyrirtækis. Ávallt er stefnt að því að selja hlutabréfin aftur innan 5 ára frá kaupdegi. Heildarhlutabréfaeign og veitt hlutafjárloforð Iðnlánasjóðs 31. desember 1986 sundurliðast svo:

	Nafnverð
	Pús. kr.
Þróunarfélag Íslands h.f.	30.000
Fjárfestingarfélag Íslands	1.498
Mát h.f.	5.000
Nord-Invent AB	3.969
Tækniþróun h.f.	1.000
DNG h.f.	900
Þjónustumiðstöð fataiðnaðarins h.f.	630
Hlutabréfamarkaðurinn h.f.	200
Glit h.f.	70
Samtals	Pús. kr. 43.267

Rekstur og efnahagur

Staða samkvæmt rekstrar- og efnahagsreikningi:

	1986	1985	1984
	pús. kr.	pús. kr.	pús. kr.
Rekstrartekjur	786.567	887.782	349.980
Rekstrargjöld	(625.590)	(695.656)	(423.882)
Hagnaður (tap)	160.977	192.126	(73.902)
Eignir	3.744.362	2.877.658	1.759.896
Skuldir	(2.727.609)	(2.137.518)	(868.286)
Eigið fé	1.016.753	740.140	409.923

Við uppgjör sjóðsins árið 1986 var beitt sömu reikningsskilaaðferðum og fyrir árið 1985. Í rekstrarreikningi er færð til gjalda reiknuð gjaldfærsla vegna verðlagsbreytinga þar sem peningalegar eignir sjóðsins voru umfram skuldir. Nam sú færsla 104.728 þús. kr.

Innborgað iðnlánasjóðsgjald var á árinu 1986 60.800 þús. kr., en var árið 1985 41.250 þús. kr. Er það um 47% aukning á milli ára. Iðnlánasjóðsgjaldið er 0,25% af aðstöðugjaldsstofni.

Framleiðslugjald af áli var 1.694 þús. kr. árið 1986 í stað 1.781 þús. kr. árið 1985. Er þetta lækkun um tæp 5%.

Rekstrarkostnaður Iðnlánasjóðs var 30.351 þús. kr. árið 1986 á móti 18.685 þús. kr. árið 1985.

Framlög til hagrannsóknna námu 1.160 þús. kr. árið 1986 á móti 858 þús. kr. árið 1985.

Heimilt er skv. lögum sjóðsins að verja allt að 10% af iðnlánasjóðsgjaldi til að greiða fyrir hagrannsóknnum í þágu iðnaðarins og aðgerðum er stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri iðnþróun í landinu. Ráðstafar stjórn sjóðsins framlögum þessum í samráði við stjórnir Félags íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna.

Starfsaðstaða og stjórn

Iðnlánasjóður er lögum skv. í umsjón Iðnaðarbanka Íslands h.f., og hefur sjóðurinn aðsetur í húsnæði bankans, Lækjargötu 12, Reykjavík.

Iðnaðarráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn. Með bréfi ráðuneytisins, dags. 29. júní 1983, voru eftirfarandi skipaðir í stjórnina til næstu fjögurra ára:

Jón Magnússon, hdl., formaður, skipaður án tilnefningar, Gunnar S. Björnsson, húsasmíðameistari, skv. tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna, og Ólafur Davíðsson, framkvæmdastjóri, skv. tilnefningu Félags íslenskra iðnrekenda.

Bankastjórar Iðnaðarbankans eru framkvæmdastjórar sjóðsins, en samkvæmt verkskiptingu bankastjóranna annast Bragi Hannesson, bankastjóri, daglega framkvæmdastjórn sjóðsins. Skrifstofustjóri sjóðsins er Gísli Benediktsson, viðskiptafræðingur.